



Friðun Þingvalla

Samspil sjónarmiða náttúruverndar og þjóðernishyggju við friðun
Þingvalla

Jökull Torfason

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Friðun Þingvalla

***Samspil sjónarmiða náttúruverndar og þjóðernishyggju við friðun
Þingvalla***

Jökull Torfason

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Birgir Hermannsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Jökull Torfason 2014
2009912499

Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hvernig ólík sjónarhorn náttúruverndar og menningarlegrar þjóðernishyggju komu til við friðun Þingvalla. Til þess verður stuðst við helstu nálganir fræðimanna um þjóðir og þjóðernishyggju með áherslu á hugtök eins og sjálfsmynd þjóðar og sameiginlegar minningar. Hugmyndir Íslendinga um Þingvelli hafa tekið breytingum, frá því að vera taldir hrjóstugir og lítið áhugaverðir, yfir í hjartastað þjóðarinnar á örfáum áratugum. Skrif helstu áhrifamanna sjálfstæðisbaráttunnar skýra þessa þróun. Þeir lögðu áhersla á þjóðveldistímann í sögu þjóðarinnar, þegar hún var frjálst frá erlendu yfirvaldi, og notuðu það sem réttlætingu fyrir sjálfstæði. Þingvellir, sögusvið þjóðveldisins, varð þannig að sameiningartákni þjóðarinnar. Atburðarás friðunar og aðgerðir ríkisins í málinu einkenndust af þessari söguskoðun. Hvað telst sem friðun á Þingvöllum hefur einnig tekið breytingum í gegnum tíðina. Skógrækt var stunduð af krafti fyrstu áratugina eftir friðun en nú þykja þær erlendu trjátegundir og nytjaskógar sem grisjaðir voru í lok 20. aldar ganga gegn hugmyndafræði og tilgangi þjóðgarða um að náttúran fái að lifa óáreitt af mannum. Þetta sýnir hvernig tilurð þjóðgarðsins á Þingvöllum byggði frekar á menningarlegri þjóðernishyggju en nokkru öðru. Í dag er verndunarstefna Þingvalla náttúrumiðaðari, en hún mun alltaf eiga tilvist sína sem þjóðgarð að þakka viðhorfum sjálfstæðisbaráttunar.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands vorið 2014. Ritgerðin er metin til 12 ECT eininga af 180 ECT eininga námi. Leiðbeinandi og umsjónarmaður þessarar ritgerðar var Birgir Hermannsson og þakka ég honum fyrir aðstoð veitta við þetta verkefni. Einnig vil ég þakka Guðrúnu Axfjörð Elínardóttur fyrir yfirlestur og ómælda aðstoð sem hún hefur veitt mér í námi síðustu ár. Án foreldra minna, þeim Ragnheiði K. Sigurðardóttur og Guðmundi Torfa Gíslasyni, hefði þessi ritgerð aldrei orðið að veruleika og vil ég því nota tækifæri og þakka þeim fyrir allan þann stuðning sem þau hafa veitt mér.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2. Hugtökin þjóð og þjóðernishyggja.....	7
1.1 Ólíkar nálganir um eðli og uppruna þjóða.....	7
3. Þingvellir.....	15
1.2 Hugarfarið	16
1.3 Skundað á Þingvöllum	18
1.4 Hjartastaðurinn á Þingvöllum.....	19
4. <i>Friðun Þingvalla</i>	23
1.5 Straumar friðunar í Evrópu og Bandaríkjunum	24
1.6 Friðun þingvalla	27
1.7 Þingvellir verða að þjóðgarði.....	29
1.8 Heimsmínjaskrá UNESCO	34
1.9 Hvað er verið að friða á Þingvöllum?	36
Niðurstöður	40
Heimildaskrá.....	42

1 Inngangur

Þingvellir eru þjóðinni mjög hjartfólgnir og hefur hún ítrekað komið þar saman til að fagna eða minnst viðburða í sögu sinni. Sú hugmynd að Þingvellir séu eign þjóðarinnar allrar í sameiningu og að þeir séu merki samfelldrar sögu þjóðarinnar frá landnámi til dagsins í dag hefur orðið mjög ráðandi söguskoðun. Staðurinn hefur sett svip sinn á ímynd þjóðarinnar inn á við en ekki síður út á við. Nú síðast árið 2004 voru Þingvellir viðurkenndir af UNESCO sem heimsminjar og hefur það orðið mikil auglýsing fyrir ferðamannaiðnaðinn hér á landi. Því ber þó að spyrja í hverju slík friðun felst og á hvaða forsendum hún er gerð og verður það viðfangsefni næstu kafla. Leitast verður við að svara spurningunni hvort þjóðernisleg sjónarmið eða sjónarmið náttúruverndar hafi ráðið meiri för í friðun Þingvalla og í hverju sá munur felst. Til þess verður stuðst við hugmyndir og kenningar um þjóðernishyggju.

Fyrri hluti ritgerðarinnar fer í að útskýra samband íslensku þjóðarinnar við Þingvelli. Til þess verður fyrst farið yfir helstu nálganir, hugtök og skilgreiningar á fyrribærinu þjóð og þjóðernishyggja og skýringar helstu fræðimanna á mikilvægi sjálfsmyndar og minninga þjóðar í myndun þjóðernishyggju. Færð verða rök fyrir því að ríkjandi söguskoðun um Þingvelli eigi rætur sínar að rekja til rita sjálfstæðisbaráttunnar á 19. og 20. öld. Með henni urðu Þingvellir að sameiningartákni þjóðarinnar en ekki síður stór partur af sjálfsmynd hennar. Þingvallafundir voru haldnir í aðdraganda fullveldisins en sú ákvörðun að funda þar í stað Reykjavíkur sýnir þann eldmóð og innblástur sem Þingvellir veittu öðrum stöðum fremur. Þessi sköpun sjálfstæðisbaráttunnar á Þingvöllum sem hjartastað þjóðarinnar tókst ef svo má að orði komast. Þjóðin hlaut sjálfstæði árið 1918 og síðan var íslenska lýðveldið stofnað 1944, á Þingvöllum að sjálfsögðu.

Seinni hluti ritgerðarinnar snýr að stefnum og straumum friðanna og þeim eðlismun sem býr að baki friðunum í Evrópu annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar. Þróun sem byrjaði sem vörn gegn ofnýtingu þróaðist yfir í vernd á menningarlegum verðmætum sem þótti verðugt að varðveita. Reynt verður að varpa ljósi á það hvernig þessi hugmyndafræði birtist á Þingvöllum en ekki síður hverjar afleiðingar friðunar voru fyrir staðinn. Hvort að staður geti í raun misst upprunalega merkingu og tilgang með friðun, með því að regluvæða svæðið, er umhugsunarvert. Ef svo er þá þarf að spyrja hvað er þá verið að friða og ef friðunin eyðileggur það sem hún leggur upp með að vernda, hver er þá tilgangurinn?

2. Hugtökin þjóð og þjóðernishyggja

Hugtökin þjóð (e. *nation*) og þjóðernishyggja (e. *nationalism*) eru mjög umdeild og þverfagleg í þeim skilningi að ólíkar fræðigreinar setja fram ólíkar nálganir á þau eftir því hvaða sjónarhorni þeir beita; hvort vegur meira hlutlægir þættir svo sem landamæri, ríki, tungumál, trú, menning og kynþáttur eða félagslegir þættir eins og tilfinningar, viðhorf og hugarfar. Hinn minnsta samnefnara á hugtakinu þjóð (e. *nation*) væri hægt að skilgreina sem hóp fólks sem á sér sameiginlega sögu, tungumál, menningu og uppruna sem leitast eftir sjálfstjórn, hvort sem það er með ríkisvaldi eða öðrum hætti.¹ Þjóðernishyggja (e. *nationalism*) er síðan hugmyndafræði sem miðar að sjálfstjórn, einingu og samsemd innan hópsins, þar sem lögð er áhersla á þjóðina og einkenni hennar.² Ef þetta gengur allt eftir getur tekist að sameina fjölda einstaklinga þar sem sjálfsmynd þjóðarinnar sameinar einstaklinga á grundvelli þjóðernis þeirra. Markmið þjóðernishyggju er að að hópurinn skapi sér sameiginlega sjálfsmynd (e. *common identity*) bæði inn á við (þær hugmyndir sem hún hefur um sig sjálfa og sögu sína), en ekki síður út á við (hvernig aðrir líta á þjóðina).³ Í sinni einföldustu mynd leiðir þjóðernisstefnan til þjóðríkis (e. *nation state*), þar sem þjóðin býr að eigin ríki, en í sinni verstu mynd leiðir hún til öfga og útilokunar eins og gerðist víða í Evrópu um miðja síðustu öld. Þess ber að varast að rugla saman hugtökunum þjóð og ríki þar sem þjóðin er félagslegt fyrirbæri en ríkið pólitískt.⁴ Þrátt fyrir að bæði geti komið saman, líkt og á Íslandi, og myndað þjóðríki þá falla þessi hugtök ekki endilega svo auðveldlega saman annarstaðar í heiminum.

1.1 Ólíkar nálganir um eðli og uppruna þjóða

Hér verður gerð grein fyrir þremur mismunandi nálgunum varðandi eðli og uppruna þjóða. Það eru klassísk, nýklassísk og síðan marxískar nálganir. Allar leggja þær fram ólíka sýn á tilkomu þjóða og þjóðernishyggju. Ágreiningur milli fræðimanna innan hversrar nálgunar er

¹ Anthony D. Smith, *National Identity* (London: Penguin Books, 1991), 14 og 69.

² John Hutchinson og Anthony D. Smith, *Nationalism* (New York: Oxford University Press, 1994), 9-10.

³ Anthony D. Smith, *National Identity*, introduction.

⁴ Leon P. Baradat, 11. útg. *Political Ideologies: Their Origins and Impact* (Boston: Pearson Longman), 48-49.

síðan ólíkur en hér verður reynt að draga fram heildstæða mynd af hugtökunum þjóð og þjóðernishyggja sem og öðrum hugtökum þeim tengdum.

Þrátt fyrir áhrif og afleiðingar þjóðernishyggju á mannkynssöguna, alveg frá frönsku og bandarísku byltingunni, hrikalegar afleiðingar hennar í seinni heimstyrjöldinni og áhrif hennar á stjórnsmál dagsins í dag, byrjuðu rannsóknir á henni ekki fyrir alvöru fyrr en um miðbik 20. Aldar.⁵ Hægt er að flokka samræður fræðimanna í byrjun sem hina klassísku nálgun í þjóðerniskenningum. Ráðandi skólar þeirrar nálgunar eru móðernismi (e. *modernism*) og ethnismi (e. *ethnism/ethno-symbolism*). Þær eru um margt samhljóða um að þjóðin hafi komið á sjónarsviðið í byrjun 18. aldar en þjóðernishyggja hafi byrjað að myndast í lok 18. aldar og byrjun þeirrar 19. Meginmunur á klassísku kenningunum byggir á ólíkum skilningi á því hvernig þjóðerni varð til og þróaðist en ekki síst hvað hafi verið fyrir það, þ.e. fyrir tíma þjóðernisins. Fræðimenn sem heyra undir móðernismann halda því fram að þjóðin sé nýtt fyrirbæri í sögunni en geta verið ósammála innbyrðis um tilurð þess.⁶ Ethnistar halda því hins vegar fram að þjóðir eigi sér lengri sögu sem hægt sé að rekja aftur til þess sem þeir kalla ethníe eða einskönar þjóðflokkasamfélög.⁷ Ágreiningur þessa tveggja kenningaskóla byggir á ólíkri söguskoðun á það hvernig þjóðir urðu til en ekki um tilvist þeirra.

Fyrsti móðernistinn sem fjallað verður um, og jafnframt einn helsti fræðimaður stefnunnar, er Ernest Gellner. Hann sagði að þjóðin hafi orðið til í kjölfar nútímavæðingarinnar og taldi að helsta forsenda þjóðarmyndunar hafi værið efnahagslegur og pólitískur hvati ráðamanna.⁸ Hin þjóðernislega vakning var því í raun ekki vakning heldur uppfinning; tilbúningur sem væri hvorki hlutlægur né óbreytanlegur. Tilurð þeirra, segir Gellner, megi rekja til rofs í samfélaginu sem varð við nútímavæðinguna. Það leiddi síðan til aukinnar samsendar meðal einstaklinga í samfélaginu sem þróuðu með sér þjóðerniskennd í kjölfarið.⁹ Þannig skýra móðernistar tilkomu kröfunnar um þjóðríkið sem við þekkjum í dag.

⁵ Hutchinson og Smith, *Nationalism*, 3.

⁶ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism* (New York: Palgrave Macmillan, 2004) 41-42.

⁷ Sama heimild, 64.

⁸ Sama heimild, 44-45.

⁹ Sama heimild, 49-51.

Hugmynd Gellners um rof og nútímavæðingu hafði mikil áhrif á aðra fræðimenn þjóðernishyggju sem notuðu nálgun módernista um tilurð þjóða.

Samkvæmt Gellner ríkti meiri stöðugleiki í landbúnaðarsamfélögum fortíðar. Rekur hann það til þess að menning hafi verið mjög staðbundin og ekki tileinkuð heildinni. Samanburður milli ólíkra menningarhópa var ekki eins algengur og hann er milli landa í dag. Hefðir, siðir og venjur voru mun staðbundnari og samsemd með heildinni var engin. Valdaelítan sjálf var mjög fjarlæg og menning þeirra því mjög frábrugðin menningu almennings. Hámenning þessarar valdaelítu gat því verið mjög ólík menningu þeirra sem hún réð yfir, stjórnvöld töluðu jafnvel annað tungumál og iðkað aðra trú án mikillar andspyrnu þeirra sem undir hana heyrðu.¹⁰ Danska konungsveldið er ágætt dæmi um slíka stöðu, þar sem valdastéttin var mjög fjarlæg þeim landsvæðum og nýlendum sem hún stjórnaði, landfræðilega séð og ekki síður menningarlega. Einn mikilvægasti fylgifiskur iðnvæðingarinnar og efnahagslegra framfara var sá að því fylgdi aukin grunnmenntun hjá hinni vinnandi stétt en þar með varð menning valdastéttarinnar aðgengilegri sem aftur leiddi af sér sameiginlega menningu þjóðarinnar.¹¹ Nálgun Gellner byggir því ekki á þörf mannsins til að mynda þjóð eða heilsteypt samfélag heldur einfaldlega afleiðingum nýrra hlutverka ríkisins, með menntun og samvitund, í kjölfar nútímavæðingarinnar.

Fræðimaðurinn Benedict Anderson hefur í ritum sínum bent á mikilvægi læsis í dreifingu hugmynda ráðamanna og skálda og telur að þróun og myndun þjóðernishyggju megi að mörgu leyti rekja til afleiðinga þess að læsi hafi orðið almennt. Orsökina var aukin grunnmenntun og aukning á prentuðu efni en hann gaf þessari bylgju nafnið prentkapítalismi (e. *print-capitalism*).¹² Í því felast áhrif gífurlegrar aukningar á prentuðu efni í kjölfar bættrar prenttækni. Tilurð þess að tungumálið verði ákveðinn grunnur að þjóðinni telur hann að megi rekja til þessarar þróunar. Erfitt varð fyrir valdamenn að tala ekki tungumál almennings, latína hætti að vera tungumál kirkjunnar og ólík menningarsvæði tóku upp sama tungumálið. Áður lifðu þjóðir á dreifðum svæðum undir sameiginlegri stjórn, stjórn sem oft talaði annað tungumál en fólk á yfirráðasvæði þeirra, en með læsi og prentun

¹⁰ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 45.

¹¹ Sama heimild, 9-10.

¹² Sama heimild, 87-90.

samhæfðist tungan og hugmyndir urðu almennar yfir heilu löndin. Með þessu styrktist samsemd meðal fólks sem annars hafði aldrei átt samskipti öðruvísi en í gegnum sameiginlegar hugmyndir um eigin þjóð.

Líkt og tungumálið sjálf gerir kröfu um sameiginlegan skilning á ákveðnum orðum til þess að gera okkur skiljanleg þá krefst þjóðernishyggja þess að þjóðin beri sameiginlegan skilning og túlkun á sögu sinni, menningu og siðum svo að hún geti átt eins konar þjóðernissamtal. Með því getur öll þjóðin rætt saman og fundið fyrir samsemd með fólki sem það hefur í raun aldrei hitt. Þessa hugmynd má sjá í skrifum Anderson um hið ímyndaða pólitíska samfélag (e. *imagined political communities*).¹³ Þar lýsir hann því hvernig einstaklingar ímynda sér sig sem hluta af samfélagi sem er stærra en það getur mögulega haft samskipti við. Með því fær þjóðin raunverulega, ápreifanlega og jafnvel persónulega áferð sem líkist því sem næst því sambandi sem við eigum við fjölskyldu okkar.

Skoðunum franska fræðimannsins, og nafna Gellner, Ernest Renan (1823 – 1892) svipar mjög til skoðana módernista þrátt fyrir að Renan hafi verið uppi langt fyrir þeirra tíma. Hann taldi að hinn sameiginlegi sjóður minninga þjóðarinnar væri eins konar samkomulag eða ósk um að lifa saman. Með því leggur hann áherslu á vilja fólks til þess að vilja kalla sig þjóð en ekki eðli þeirra. Sameiginlegar goðsagnir og minningar um hetjudáðir í fortíðinni, ásamt sameiginlegri sýn á nútíð og framtíð, gegna að hans mati lykilhlutverki í því að gera hóp einstaklinga að þjóð.¹⁴ Renan talaði fyrir því að þjóðin þyrfti að sameinast um það hverju þarf að gleyma, hverju þarf að fórna til þess að halda sátt um sameiginlegar minningar.¹⁵ Sameiginlegar goðsagnir og tákn eru því að vissu leyti ritskoðuð af hverri kynslóð með það að markmiði að draga úr öllum deilum og styrkja hina sameiginlegu sjálfsmynd.

Franski sagnfræðingurinn Pierre Nora fjallar um stað eða svið minninganna (fr. *lieux de memoire / e. realms of memory*). Fjallað hefur verið um sameiginlega ímynd þjóðarinnar en í því felst sameiginleg minning um þjóðina sjálfa. Staður minningana byggir á því að þjóðir eigi sér tilbúna eða framleiddar minningar sem þær tengja við ákveðna staði. Fyrir vikið öðlast

¹³ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 87-88.

¹⁴ Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 17.

¹⁵ Sama heimild, 179.

staðurinn ákveðna ímynd sem er skilgreind af sjálfri sér, þannig geta allir gert tilkall til þeirra þar sem þeir hafa almenna sögulega skírskotun. Þannig getur staðurinn orðið, eins og Guðmundur Hálfðánarson segir í bók sinni *Íslenska Þjóðríkið*, gildistómt ták.¹⁶

Hin meginstefnan í klassískum þjóðerniskeningum, sem aðgreinir sig frá módernismanum, kom frá hinum breska félagsfræðingi Anthony D. Smith. Hans nálgun nefnist ethnismi (e. *ethnism*¹⁷) og telur að þjóðir eigi sér lengri og dýpri rætur en módernistar halda fram. Þjóðir geti ekki orðið til úr engu heldur eigi þær sér ethnískan uppruna, eins konar þjóðflokksamfélög (e. *ethnie*), sem eru forverar þjóða eins og við þekkjum í dag.¹⁸ Byrjunarreitur þjóða er því löngu fyrir það rof, til dæmis í formi iðnvæðingarinnar, sem módernistar miða við. Samkvæmt Smith byggja þær þjóðir sem tengjast sterkum böndum við sitt ethníe (það er þegar samfélagið hefur skýra og útbreidda hugmynd um fortíð sína), á meiri samstöðu og aðgreina sig með skýrari hætti frá öðrum þjóðum.¹⁹ Ástæðan fyrir því að einstaklingar samsama sig og eiga auðvelt með að tengjast sterkum böndum við þjóðerni sitt er að þeir eiga auðvelt með að samsama sig við það sem þeim er kunnuglegt og það sem þeir þekkja. Það er þó nauðsynlegt að minna á þjóðernið reglulega með vísanir í goðsagnir og ták sem fólk þekkir og samsamar sig við.²⁰

Þessum tveimur skólum klassísku nálgunarinnar greinir þarna á. Módernistar telja að mótun þjóðernishyggjunnar sé pólitísk í eðli sínu en ethnisminn segir að það sé eðlislæg og náttúruleg þróun. Fyrir vikið hafa kenningar Smith verið gagnrýndar fyrir að ganga út frá ákveðinni eðlishyggju þegar kemur að þróun sjálfsmyndarinnar.

Nýklassíska nálgunin (e. *post-classical approach*) kom fram á sjónarsviðið upp úr 1990. Þar er lögð áhersla á aðra hluti þegar kemur að þjóðernishyggju og grunnhugtökini raun skilgreind upp á nýtt. Þeir sem hallir eru undir nýklassísku nálgunina hafna því að þjóðir séu óumflýjanlegt félagslegt fyrirbæri og telja þróun þeirra og myndun langt frá því að vera

¹⁶ Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið*, 184-185.

¹⁷ Kenningin um ethníe hefur verið nefnd ethno-symbolism, ethnicist og historical ethno-symbolism af ólíkum fræðimönnum, hið síðastnefnda af Smith sjálfum.

¹⁸ Anthony D. Smith, *Nationalism and Modernism* (London: Routledge, 1998), 195.

¹⁹ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 69.

²⁰ Sama heimild, 79-80.

sjálfsgæða. Þeir leggja áherslu á nauðsyn þess að skoða samhengi þjóðarinnar við söguna.²¹ Fræðimaðurinn David Miller telst til þessa skóla en hann telur að þjóðir séu ekki áþreifanlegar, þær hafi ekki tilvist nema í huga einstaklingsins. Þrátt fyrir það telur hann að til staðar sé einhvers konar sameiginleg menning meðal þjóðarinnar. Telur hann því að menningin sé mótuð af mannum sjálfum en að menningin móti ekki manninn eins og módernistar myndu halda fram. Af því leiðir að þjóðernishyggja er eitthvað sem almenningur skapar í sameiningu en ekki stjórnlaust fyrirbæri.²² Það sem aðgreinir nýklassískar kenningar helst frá hinum klassísku er sú áhersla sem lögð er á einstaklinginn í myndun og viðhaldi þjóðernishyggjunnar.

Síðasta nálgunin byggir á hinni marxísku arfleidd í nálgun á þjóðernishyggju. Eric Hobsbawm var marxískur félagsfræðingur og einn sá áhrifamesti á seinni hluta 20. aldar og byrjun 21. aldarinnar. Hann nálgadist viðfangsefnið frá hinni borgaralegu stétt sem hafði að hans mati verið leiðandi í uppbyggingu þjóðríkisins. Telur hann að upp úr 1879 hafi þjóðernishyggja orðið ráðandi afl í stjórnámálum ríkja í Evrópu. Ákveðnir eiginleikar sem tileinkaðir voru ákveðnu þjóðerni voru skrifaðir niður og svo mikið gert úr þeim að um þau voru mynduð ríki. Skýrasta dæmið um slíkt telur hann vera myndun Frakklands í kjölfar frönsku byltingarinnar.²³ Þjóðerni samkvæmt hinni marxísku nálgun er eingöngu óljóst samheiti yfir einstaklinga sem fæðast á sama landsvæði, eiga sér einhverja sameiginlega sögu og sameiginlega siði. Þjóðir og þjóðernishyggja eru því tilbúningur og því til stuðnings nefnir hann hvernig athafnir og og minnismerki séu að sama skapi búin til; fánar, þjóðsöngvar, stytur, hátíðisdagar, minnisvarðar, goðsagnir, tákn og svo framvegis. Hobsbawm telur sagnfræðinga spila stóran þátt í sköpun og framleiðslu þjóðsagna. Þeirra hlutverk sé að skrifa um söguna og í því felist alltaf eitthvað val á efni sem getur hvorki verið algjörlega hlutlægt né hlutlaust.²⁴ John Hutchinson hefur bent á svipaða þætti í vali þjóðarinnar á sögu sinni sem hann byggir á hugmyndinni um menningarlega þjóðernishyggju

²¹ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 12-13

²² Sama heimild, 16.

²³ Sama heimild, 26-27.

²⁴ Eric Hobsbawm, 11. útg. *The Invention of Tradition* (Cambridge: Cambridge University, 1983), 13.

(e. *cultural nationalism*). Í þeirri hugmynd felst að fræðimenn, listamenn og skáld séu ekki eingöngu að varðveita menningararfleifð með umfjöllun sinni; þeir séu ekki síður að móta hana og endurnýja.²⁵ Þannig blandist saman arfleifð upplýsingarinnar um vísindalegar rannsóknir um viðfangsefnið en um leið rómantísk leit að merkingu ákveðinna fyrirbæra og með því sé jafnvel einhverju færð merking sem ekki var til staðar áður.

Í anda marxískra kenninga er áherslan lögð á tilraunir valdastéttarinnar til þess að telja lýðnum trú um að hann eigi í raun eitthvað sameiginlegt að skapa sameiginlega sjálfsmynd. Þetta á að tryggja valdhöfum lögmæti og réttlæta tilvist þess en er ekki síður til þess þess fallið að allir geri sér ljóst hvaða félagslegu viðmið hópurinn hefur tileinkað sér.²⁶ Þannig telur ríkisvaldið almenningi trú um að þjóðerni sé hreyfiafl stjórnmalanna en það sé furring og blekking til að hylja yfir stéttabaráttuna. Í raun sé það stéttabaráttan, þvert á landamæri ríkja, sem sé hreyfiafl mannkynssögunar. Þannig vilji valdhafar tryggja að einstaklingar tengi sjálfsmynd sína við þjóðerni sitt en ekki stéttastöðu sína þvert á landamæri. Slíkt myndi að endingu grafa undan valdalögmæti þeirra. Breski félagsfræðingurinn Anthony Giddens hefur tekið í svipaðan streng, þrátt fyrir að teljast ekki til marxískra kenningasmiða, með því að tengja saman þjóðernishyggju og stækkun ríkisvaldsins. Stækkun nútíma ríkisins krafðist aukins hlutverks ríkisins í lífi fólks. Til að almenningur myndi samþykkja slíkt beittu stjórnvöld þjóðernishyggju sem réttlætingu. Giddens vill því meina að þjóðir hafi verið skapaðar út af og af ríkinu sjálfu, það sem var fyrir ríkið er því ekki hægt að skilgreina sem þjóð. Í dag nota stjórnvöld þjóðernishyggju til þess að réttlæta aukin umsvif sín og stærra hlutverk í lífi fólks.²⁷

Hér hefur helstu hugmyndum um þjóðir og þjóðernishyggju verið varpað fram og þremur ólíkum nálgunum á þjóðernishyggju verið gerð skil. Klassíska nálgunin á þjóðernishyggju skiptist í tvo skóla; módernisma og ethnisma. Kenningasmiðir þeirra eiga það sameiginlegt að líta á þjóðernishyggju sem náttúruleg og fyrirfram ákveðin fyrirbæri; módernistar segja að

²⁵ John Hutchinson, *The Dynamics of Cultural Nationalism* (London: Allen & Unwin, 1987), 14.

²⁶ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 21 og 30.

²⁷ Sama heimild, 54-56.

Það hafi gerst við einhverskonar rof um lok 18. öld en ethnismar telja að uppruni þjóða sé úr þjóðflokkasamfélögum eða ethníi sem síðan varð að þjóðinni eins og við þekkjum hana í dag. Innan nýklassísku nálgunarinnar er því mótmælt að þjóðir séu óumflýjanleg fyrirbæri og því haldið fram að setja verði þessi hugtök í samhengi við hið félagslega og sögulega sem mótar þær til að byrja með. Þannig er þjóð eitthvað sem hún skapar sér. Fræðimenn af marxískum meiði telja síðan þjóðernið vera verkfæri ríkjandi valdhafa til þess að hylma yfir stéttaráttuna, sem sé hið raunverulega hreyfiafl í samfélögum. Sama hvert og hvernig fræðimenn vilja tengja uppruna þjóðernishyggjunnar verður því ekki neitað að áhrif hennar hafa verið mikil á stjórnmálaþróun frá því hún kom á sjónarsviðið. Eins og rakið hefur verið getur hún stuðlað að samstöðu innan þjóða en ekki síður átökum á milli þeirra. Í mörgum ríkjum voru það valdastéttirnar sem bjuggu til þjóðirnar og eflaust skýrasta dæmið um það frá Frakklandi, sem áður var byggt á mörgum þjóðum. Annað eins var reynt á Spáni og Bretlandi en þar tókst ekki betur til en svo að í þeim löndum eru Baskar annars vegar og Skotar hins vegar sem hefur tekist að halda sérstöðu sinni þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda til að draga úr því.²⁸ Á Íslandi hefur þjóðernishyggjan að mestu verið sameinandi afl og engar deilur hafa komið upp varðandi þjóðernisminnihlutahópa líkt og á Spáni og í Bretlandi. Í raun eru fáir staðir í heiminum þar sem þjóð og ríki geta talist eins tengd hugtök og á Íslandi; þrátt fyrir mjög ólíkar skilgreiningar er innihaldið nálægt því að vera sama þegar kemur að íslensku þjóðinni og íslenska þjóðríkinu. Helsta deiluefnið varðandi þjóðerni á Íslandi er meðal fræðimanna sem deila um ríkjandi söguskoðanir í samfélaginu. Í næstu köflum verður ljósi varpað á söguskoðun þingvalla í samhengi þjóðernishyggju á Íslandi.

²⁸ Gunnar Helgi Kristjánsson, *Íslenska stjórnkerfið* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007), 21.

3. Þingvellir

Þingvellir eru seiðmagnaður staður. Þetta er staðurinn í landinu sem við eigum öll saman, staðurinn sem hefur innsiglað sögu okkar, sögu um fólk sem aldrei gafst upp, gleymdi aldrei tungunni, fornsögunum, minningunum. Hér stendur vagga fjöreggs okkar, lýðveldisins, lýðræðisins.²⁹

Á einum af mörgum fundum þjóðarinnar á Þingvöllum síðustu öld komst fyrirverandi forseti íslenska lýðveldisins svo að orði um stað Þingvalla í hugum landsmanna. Hún hafði ekki rangt fyrir sér að þetta væri staður sem Íslendingar ættu allir í sameign; þá þegar voru Þingvellir orðnir að þjóðgarði í ævarandi eign þjóðarinnar. Það er þó vert að spyrja að því hvort staðurinn hafi alltaf verið þjóðinni svona mikilvægur. Í seinni tíð hefur þjóðin komið saman á Þingvöllum til þess að fagna eða minnst merkra tímamóta í sögu sinni. Sú söguskoðun að þar sé að finna hjartastað þjóðarinnar byggir að mestu leyti á söguskoðun sem varð ráðandi í sjálfstæðisbaráttunni. Hér verður reynt að skýra þá þróun sem orðið hefur á merkingu staðarins í huga þjóðarinnar, frá því að vera hversdagsleg sveit sem hafði enga sérstaka merkingu yfir í að verða að sameiningartákni og stórum hluta af sjálfsmynd þjóðarinnar. Til þess verður saga staðarins og hlutverk rakið í stuttu máli frá landnámi til aldamótanna 1900 þegar sjálfstæðisbarátta landsins stóð sem hæst. Síðan verður reynt að setja þá sögu í samhengi við kenningar um þjóðernishyggju.

Alþingi var stofnað hálfri öld eftir landnám, eða árið 930, og urðu Þingvellir fyrir valinu sem samkomustaður þingsins.³⁰ Staðurinn þótti hentugur vegna þess hversu miðsvæðis hann var, nóg var af mat að fá úr Þingvallavatni, heimildir eru fyrir því að skógar hafi verið í grenndinni svo að nóg var af eldivið og nóg hefur verið af grasi.³¹ Það hlítur þó að teljast ókostir við staðarinn var hve snjóþungur hann er á veturnar, hve seint það vorar þar, síðan var hann erfiður aðkomu og seinfarið að ferðast yfir hraunið og klettana sem einkenna staðinn. Stofnun Alþingis markaði upphaf þjóðveldistímabilsins í sögu landsins en þá hafði

²⁹ Vigdís Finnbogadóttir, *Ávarp Vigdísar Finnbogadóttur í tilefni af 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Þingvöllum*, 2005, <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=vigdis-finnbogadottir> (sótt 1.5.2014).

³⁰ Einar Laxness, *Íslandssaga – II bindi i-r* (Reykjavík: Vaka Helgafell, 1995), 100-101.

³¹ Sigurður Línadal, 2. útg *Réttarsögubættir* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 87.

allsherjarþing óskorað löggjafar- og dómsvald um allt landið.³² Þjóðveldisöldin endaði með Gamla sáttmálanum við Noreg árið 1262-64 þegar Ísland gekkst undir norska konunginn. Þar með lauk fullveldisöld og sjálfstjórnartímabili þjóðarinnar.³³ Ríkjandi söguskoðun Íslendinga síðustu aldar er að sá tími hafi verið gullöld þjóðarinnar. Þá voru fræknustu og merkustu sigrar hennar unnir; Snorri Sturlusson skrifaði helstu söguheimildir Norðurlandanna á þessum tíma en tímabilið hefur einnig oft verið nefnt söguöldin fyrir þær sakir, landið tók upp nýja trú án mikilla átaka eða blóðsúthellinga og hún sigldi til framandi landa eins og getið er í mörgum Íslendingasögum. Varð sú söguskoðun sérstaklega ráðandi upp úr sjálfstæðisbaráttu landsins á níttjándu og tuttugustu öldinni að beint samband væri á milli sjálfstæði þjóðarinnar og sköpunargleði hennar og velgengni.³⁴ Það gat því ekki liðið á löngu þar til að Þingvellir, upphafsreitir þjóðveldisins, væru teiknaðir upp sem tákngevingur sjálfstæðis þjóðarinnar. Svo lengi sem þjóðin væri frjáls frá yfirráðum annarra ríkja væri henni borgið. Þannig var gullöldinni og Þingvöllum beitt sem réttlætingu á sjálfstæði landsins.

1.2 Hugarfarið

Áttjándi öldin fór ekki fögrum orðum um Þingvelli; þóttu þeir lítið merkilegir þar sem þingið sá nær eingöngu um dómsmál eftir að Ísland varð hluti af danska konungsveldið árið 1662.³⁵ Lok 18. aldar varð síðan erfiðasti tími í ritaðri sögu landsins. Skaftáreldar hófust sumarið 1783. Þeim fylgdu miklir jarðskjálftar og gifurlegt öskufall og þeir leiddu til móðuharðindanna með uppskerubresti, húsdýradauða og miklu mannfalli. Leiddi það síðan til þess að árið 1789 var hætt að þinga á Þingvöllum og lauk þar með samfelldri sögu þingsins frá landnámi. Undir lok sögu alþingis á Þingvöllum takmarkaðist hlutverk þess við að taka fyrir dómsmál en löggjafar- og framkvæmdarvaldið var í höndum stjórnvalda í Danmörku.³⁶ Í kjölfar þess að

³² Sigurður Línal, *Réttarsögubættir*, 81-83.

³³ Einar Laxness, *Íslandssaga – Bindi I a-h*, 162-163.

³⁴ Birgir Hermannsson, „Hjartastaðurinn: Þingvellir og íslensk þjóðernishyggja,“ *Bifröst Journal of Social Science* 5 (2011): 42-44..

³⁵ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsminjar* 183 og 187.

³⁶ Einar Laxness, *Íslandssaga – Bindi I*, 16-17.

alþingi var lagt niður varð Þingvallasveitin ekki frábrugðari öðrum fámönnum og afskekktum sveitum landsins. Þar að auki var erfitt að komast á staðinn, enda aðalleiðirnar að honum horfnar og svæði þar sem áður risu búðir og tjöld voru nú orðin votlendi eitt.³⁷ Þeir bæir sem enn risu einangruðust mjög fyrir vikið og fáir höfðu erindi sem erfiði að ferðast þangað. Bæjum í Þingvallasveit fækkaði mikið í kjölfarið. Ástæðan fyrir því að þing var lagt niður á Þingvöllum var þó ekki eingöngu náttúruhamfarir. Þingvallasveitin þótti hreinlega ljót, einangruð og lítt gjöful.³⁸ Þeir sem gerðu sér ferð þangað voru aðallega ferðamenn sem sóttu staðinn heim vegna fornrar frægðar og fóru fegurri orðum um hann en heimamenn.³⁹ Þingvellir voru á þeim tíma ekki tengdir hugmyndum Íslendinga um sjálfstæði þjóðarinnar eða álitnir söguvið helstu afreka hennar á neinn hátt. Það varð ekki fyrr en hugmyndir um sjálfstæði Íslendinga byrjuðu að kvikna að Þingvellir urðu að umtalsefni.

Jónas Hallgrímsson (1807-1845) fæddist rétt eftir aldamótin 1800 og með honum nýtt hugarfar og hugmyndir um Þingvelli. Arfleið hans varð slík að öld eftir andlát hans voru leifar hans fluttar til Íslands og grafnar í þjóðargrafreitinn á Þingvöllum, sem þá var orðinn einn dádæsti staður landsins. Jónas var mikill náttúrufræðingur og áhugamaður um sögu lands og þjóðar. Í ævisögu um Jónas segir Páll Valsson:

Náttúruskoðun hans og rannsóknir eru liður í því að efla vitneskju Íslendinga um land sitt og náttúru, sem myndi smám saman styrkja tengsl lands og þjóðar. Vísindin og ættjörðin; þetta tvennt og þó eitt er Jónasi ævinlega efst í huga.⁴⁰

Hvergi á landinu kemur þetta tvennt betur saman, saga þjóðarinnar og náttúran, en á Þingvöllum. Um það má þó deila hvort að aðrir staðir landsins státi af merkilegri náttúru eða sögu einir og sér. Jónas hafði gríðarleg áhrif á hugmyndir Íslendinga um Þingvallastaðinn með ljóðum sínum og skrifum sem birtust í tímaritinu *Fjölni* á árunum 1835-1847. Hann ásamt öðrum Fjölnismönnum gáfu tóninn fyrir sjálfstæðisbaráttu komandi kynslóða.⁴¹ Eitt helsta baráttumál Jónasar var endurreisn alþingis að Þingvöllum og birtist það ítrekað í skrifum

³⁷ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar* (Reykjavík: Bókaútgáfan Opna, 2011), 124-125.

³⁸ Sama heimild, 40-41.

³⁹ Sama heimild, 178-180.

⁴⁰ Páll Valsson, *Jónas Hallgrímsson: ævisaga* (Reykjavík: Mál og menning, 2007), 189.

⁴¹ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir*, 132-133.

hans. Baldvin Einarsson (1801-1833) sem var einnig einn af upphafsmönnum sjálfstæðisbaráttunar skrifaði fjóra árganga af tímaritinu *Ármann á Alþingi* þar sem hann tók í sama streng og Jónas um mikilvægi þess að endurreist alþingi stæði á sínum forna stað.⁴² Þrátt fyrir háværar raddir þess efnis voru ekki allir því sammála og skrifaði Magnús Stephensen dómari eindregið gegn slíkum hugmyndum og taldi þingvelli ómögulegan stað fyrir þing. Sjálfur mundi hann eftir þinghaldi þar og bar því ekki góða söguna. Skrif Baldvins höfðu þó mikil áhrif á sjálfstæðisbaráttuna þrátt fyrir að hugmyndin um endurreisn á Þingvöllum hafi ekki orðið að veruleika. Alþingi hafði aldrei komið saman á Þingvöllum á ævi Jónasar og því gæti verið að hann hafi ekki tengt sorgleg lokaár og erfiðar aðstæður þar við staðinn líkt og Magnús Stephensen gerði, heldur byggt það á fornri frægð þeirra.

1.3 Skundað á Þingvöll

Árið 1839 varð hinn frjálslyndi Kristján VIII konungur í Danmörku. Ákvað hann að stofna ráðgefandi fulltrúaþing á Íslandi sem kom fyrst saman rétt um mánuði eftir andlát Jónasar Hallgrímssonar árið 1845. Ákveðið var að það kæmi saman í Reykjavík annað hvert ár og lauk þar með baráttunni um endurreisn þingsins á Þingvöllum, en saga tengsla þingsins og þingvalla endar ekki þar. Í kjölfar þess að einveldið var afnumið í Danmörku 1871 varð krafan um sjálfstæði Íslendinga háværi. Taldi Jón Sigurðsson, sem og aðrir sjálfstæðismenn, að samkvæmt skilningi laganna gildi Gamli sáttmáli ennþá í samskiptum ríkjanna eftir afnám einveldisins í Danmörku 1848.⁴³ Ísland hafði gengist undir konunginn en þjóðirnar tvær aldrei orðið ein og því gæti þjóðþing Danmerkur ekki sett lög er vörðuðu Ísland. Haldnir voru fundir á Þingvöllum af sjálfstæðismönnum þar sem staða Íslands í Danaveldi var rædd, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir valdamanna til þess að koma í veg fyrir þá. Þingvallafundir voru haldnir þar nær árlega árin 1848-1856 og aftur árin 1861-1864. Árið 1873 var fundur til að mótmæla stöðulögunum frá 1871, ný stjórnarskrá var afhent Íslendingum 1874 en árin 1885-1888 voru haldnir Þingvallafundir til að berjast fyrir breytingum á henni. Árið 1904 fengu Íslendingar

⁴² Höfundar ekki getið, „Hundrað og tíu ár síðan endurreist alþingi var fyrst háð í heyranda hljóði,“ *Tíminn* 144 (1959): 1-2.

⁴³ Einar Laxness, *Íslandssaga – I bindi a-h* (Reykjavík: Vaka Helgafell, 1995), 162-163.

heimastjórn og í kjölfarið voru haldnir Þingvallafundir og kallað eftir auknu frelsi.⁴⁴ Kröfur Þingvallafundanna voru síðan samþykktar árið 1918 þegar Ísland öðlaðist fullveldi. Ísland var orðið sjálfstætt ríki.

Eftir þessa atburðarás varð hugarfar Íslendinga gagnvart Þingvöllum allt annars eðlis en á 18. öld. Aðrir hlutir sem hjálpuðu til við hugarfarsbreytingu þess tíma voru t.d. að Íslendingasögurnar komu út í handhægari útgáfu með sögum af Þingvöllum sem einnig kyntu undir hugmyndina um áður nefnt samband gullaldarinnar og sjálfstæði Þjóðarinnar.⁴⁵ Aðrir þættir í samfélaginu sem gætu hafa ýtt undir þessa þróun voru hvernig íþrótta- og útivistarfélag hvöttu almenning til þjóðrækni sem og að efnahagurinn fór batnandi og samgöngur urðu almennari, sérstaklega með einkabílum. Á Þingvöllum sjálfum urðu aðstæður einnig til bóta; Valhöll var byggð árið 1898 og tekið var til hendinni þegar konungurinn kom hingað í heimsókn 1907 og fór til Þingvalla í skoðunarferð. Var staðurinn tekinn í gegn svo að heimsóknin og upplifun konungs af staðnum yrði landi og þjóð til sóma.⁴⁶ Allir þessir þættir ýttu undir hlýhug þjóðarinnar til staðarins um aldamótin 1900.

1.4 Hjartastaðurinn á Þingvöllum

Þessi mikla hugarfarsbreyting frá því að staðnum var lýst sem lítt merkilegum yfir að vera fóstaraður sem hjartastaður þjóðarinnar og hennar helsti sagnareitur á sér langa sögu. Ef þessi atburðarás er sett í samhengi við hugmyndir um þjóðernishyggju getum við mögulega skilið hvernig slíkt getur yfir höfuð átt sér stað. Eins og Birgir Hermannsson komst að orði er upphafning Þingvalla ekki sjálfgefin og „í raun má segja að tilurð „helgistaðarins Þingvalla“ og tilurð íslenska þjóðríkisins séu nátengdir atburðir.“ Án skrifa sjálfstæðismanna og þjóðernishyggjunnar sem þeir töluðu fyrir hefðu hvorki Þingvellir í núverandi mynd né þjóðríkið Ísland viljað verða né heldur.⁴⁷

Íslenska þjóðin byggir, líkt og aðrar þjóðir, á sameiginlegum minningum um uppruna og eðli þjóðarinnar, sögu hennar, eiginleikum og afrekum. Þetta skapar síðan sameiginlega

⁴⁴ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*, 135-1336.

⁴⁵ Sama heimild, 131 og 139-141.

⁴⁶ Sama heimild, 140-141.

⁴⁷ Birgir Hermannsson, *Hjartastaðurinn: Þingvellir og íslensk þjóðernishyggja*, 22.

sjálfsmynd þjóðarinnar. Eins og rakið hefur verið eru margar af þessum minningum tengdar við Þingvelli á einn eða annan hátt. Lengi vel var ekki horft eins hýru auga til þjóðveldistímans. Eftir Gamla sáttmála og þar til Ísland varð að lýðveldið árið 1945 var þjóðin undir erlendum valdhöfum og allar hugmyndir um þjóðveldi hafa eflaust verið kæfðar við fæðingu af ráðandi valdastétt. Kirkjan hefur heldur ekki viljað minnast tíma í sögunni sem einkenndist af heiðni fyrstu árin og svo heiðni á laun eftir kristnitökuna. Það sem gerist síðan í sjálfstæðisbaráttunni er ákveðin endurnýjun á þessari sögu. Til að ná fram ákveðinni samfellu frá þeim tíma til dagsins í dag er deiluefnum sleppt, eins og trúardeilunni og þeim hörmulegu morðum sem framin voru á Þingvöllum í nafni laganna, svo að allir geti átt minningarnar í sameiningu. Lítið gagn er í sameign minninga ef enginn vill eigna sér þær. Líkt og Ernest Renan sagði, þá gegna sameiginlegar minningar um hetjudáðir í fortíðinni, ásamt sameiginlegri sýn á nútíðina og framtíðina, lykilhlutverki í því að gera hóp einstaklinga að þjóð.⁴⁸ Þannig eru sameiginlegar goðsagnir um þjóðina og tákn að vissu leyti ritskoðuð af hverri kynslóð með það að markmiði að draga úr öllum deilum og styrkja hina sameiginlegu sjálfsmynd þjóðarinnar. Á Íslandi hafa Þingvellir þróast í að verða mikilvægur vettvangur slíkrar sameiningar.

Sú þróun í átt sameiningar er langt frá því að vera sjálfgefin. Eins og bent hefur verið á innan skóla nýklassískrar kenninga er uppspretta menningarinnar komin frá mannum sjálfum sem síðan mótar hugmyndir einstaklingsins í samfélaginu. Af því leiðir að þjóðernishyggja er eitthvað sem almenningur skapar í sameiningu og er því ekki stjórnlaust fyrirbæri.⁴⁹ Frá þessu sjónarhorni eru það helstu hugsuðir sjálfstæðisbaráttunnar sem í raun sköpuðu minninguna um Þingvelli sem síðan á kaldhæðnislegan máta gáfu þeim sjálfum innblástur. Það var þannig maðurinn sem mótaði Þingvelli en ekki Þingvellir sem mótuðu hugsunarfar sjálfstæðismanna í skrifum sínum og baráttu

Með tilkomu almennrar prenttækni og læsis varð auðveldara að dreifa hugmyndum innan samfélagsins og leiddi það af sér það sem Anderson hefur kallað prent-kapítalisma. Á Íslandi skapaði þetta tækifæri fyrir nýja og markvissa söguskoðun. Hugmyndir Fjölsmanna og skrif

⁴⁸ Guðmundur Hálfðánarsson, *Íslenska þjóðríkið*, 177.

⁴⁹ Day og Thompson, *Theorizing Nationalism*, 16.

Baldvins Einarssonar urðu til að mynda almenningi aðgengileg og höfðu hugmyndir þeirra þannig bein áhrif á framvindu sjálfstæðisbaráttunnar langt eftir dauðadag þeirra. Hugmyndir Jónasar Hallgrímssonar og arfleið hans er einnig hægt að setja í samhengi við hugmyndina um menningarlega þjóðernishyggju (e. *cultural nationalism*) þar sem Jónas lætur verða að verki ákveðna túlkun á menningu og sögu fortíðarinnar í þannig samhengi að tilvist hennar er sett í nýtt samhengi. Eitt þekktasta ljóð Jónasar, *Ísland* samið árið 1835, ber þess hve skýrast merki.

*Ísland! Farsældafrón og hagsælda hrímhvíta móðir!
Hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáðin best?
Allt er í heiminum hverfult og stund þíns fegursta frama
lýsir sem leiftur um nótt, langt fram á horfinni öld.
[...]
En á eldhrauni upp, þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almannagjá, alþing er horfið á braut.
Nú er hún Snorrabúð stekkur og lyngið á lögbergi helga
bláanar af berjum hvurt ár, börnum og hröfnum að leik.
Ó, þér unglíngafjöld og Íslands fullorðnu synir!
Svona er feðranna frægð fallin í gleymsku og dá!⁵⁰*

Þarna kemur fram skýr hugmynd um að við Öxará og Almannagjá finnist fornaldarfrægð og frelsi þjóðarinnar. Þessi söguskoðun varð síðan einkennandi fyrir skrif flestra sjálfstæðismanna enda erfitt annað en hrífast með jafn vel ortum texta. Ræða Vigdísar Finnbogadóttur hér fyrr í kaflanum sýnir að þessi söguskoðun er langt frá því að verða úrelt, þrátt fyrir að 170 ár hafi liðið þar á milli skrifa þeirra beggja.

Guðmundur Hálfðánarson hefur fjallað um Þingvelli sem stað minninganna og setur þannig staðinn í samhengi við skrif Pierre Nora sem hefur nú þegar verið getið hér að ofan. Segir Guðmundur að samstaða þjóðarinnar í nútímanum byggi á sameiginlegum minningum um fortíðina. Til þess að sameiginlegar minningar valdi ekki sundrung þarf þó einhverskonar ritstjórnarstefnu þar sem valdar eru þær minningar sem vert er að halda upp á. Nefnir hann því til stuðnings lýðveldishátíðina á Þingvöllum 1994 þar sem efnisvalið lagði áherslu á þá

⁵⁰ Jónas Hallgrímsson, *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar: Ljóð og lausamál* (Reykjavík: Svart á hvítu, 1989), 63.

hluti sem sameinuðu þjóðina en ekki minnst á málefni sem valda klofningi, t.d. NATO deiluna og veru Bandaríkjahers í landinu, þrátt fyrir að þær hafi mótað sögu landsins meira síðustu áratugi en margt af því sem var dregið fram á hátíðinni.⁵¹ Þetta er einnig áhugavert að setja í samhengi við skrif Ernest Renan um sameiginlegar minningar. Hann leggur áherslu á vilja hóps til að telja sig þjóð frekar en eðli þeirra⁵² og þannig verður efnisval á hátíðinni augljóst. Því er ætlað að sameina hópinn vegna þess að hann vill vera sameinaður; þjóðin kemur þarna saman til þess að minna sig á sjálfa sig. Tilgangur hátíðarinnar var því bæði að velja minningar en ekki síður að framleiða þær. Þessi sköpun Þingvalla sem stað minninga telur Guðmundur að eigi rætur sínar að rekja til loka 20. aldarinnar og hafi átt sér stað seinna samanborið við álíka þróun í Evrópu á 19. og 20. öldinni.⁵³ Það má segja að tilurð Þingvalla sem samansafn hugmynda um þjóðveldið, gullöldina og sjálfstæði þjóðarinnar hafi verið tilraun til að byggja sjálfsmynd þjóðarinnar á þeim tíma þegar hana vantaði hve mest staðfestingu og réttlætingu á tilvist sinni og sérstöðu innan danska konungsveldisins. Vinsældir Þingvalla verða því helst skýrðir með því að þeir minni þjóðina á þá hluta sögu sinnar sem henni finnst þess virði að muna.

Hægt er að líkja Þingvöllum við einhvers konar minnismerki (e. *monument*) eða sögulegt minnismerki (e. *historic monument*) en hér er stuðst við skilgreiningu austurríska fræðimannsins Alois Riegl (1858 – 1905) á þeim, en hann fullyrta að minnismerki væru búin til í ákveðnum tilgangi til þess að færa liðna atburði eða einstaklinga nær nútímanum en sögulegum minnismerkjum væri ætlað að hafa vísan í fræðilega þekkingu.⁵⁴ Bent hefur verið á, af franska fræðimanninum Françoise Choay, að upphaf nútímans sé hægt að miða við stofnun sögulegra minnismerkja. Choay setur það í samhengi við þær gríðarlegu breytingar sem fylgdu samfélaginu í kjölfar iðnvæðingarinnar og að afleiðing þess hafi verið eins konar klofnun „fyrri tíma“ frá nútímanum sem verndar sögu og minjar fyrri tíma skilyrðislaust.⁵⁵ Þessu svipar mjög til hugmynda módernista um að tilurð þjóða megi rekja til rofs. Í tilfelli

⁵¹ Guðmundur Hálfðánarson, *Íslensk aðjóðríkið*, 179.

⁵² Sama heimild, 180.

⁵³ Guðmundur Hálfðánarson, „Collective memory, history and national identity,“ í Ástráður Eysteinnson (ristj.), *The cultural reconstruction of places (Reykjavík, 2006)*, 90-92.

⁵⁴ Birgir Hermannsson, *Hjartastaðurinn: Þingvellir og íslensk þjóðernishygga*, 27.

⁵⁵ Sama heimild, 27.

Þingvalla eru augljós merki fornminja ekki til staðar og því erfitt að skilgreina þá algjörlega sem sögulegt minnismerki en í sjálfstæðisbaráttunni, og þeirri þjóðernishyggju sem þá spratt upp, varð sagan því sem næst heilög og tengingin við staðinn nærri því að verða áþreifanleg. Því til stuðnings má nefna staðsetningu Lögbergs. Þrátt fyrir skort á fornleifum og rituðum heimildum um staðsetningu Lögbergs hefur því verið gefinn staður, með fána og palli.⁵⁶ Það útskýrir hvernig sagan á Þingvöllum er í raun orðin áþreifanleg. Það sem gerðist einnig var að ákveðin þáttaskil urðu í hugarfarinu varðandi Þingvelli. Eins og Choay segir varð klofnun milli „fyrri tíma“ Þingvalla, það er þjóðveldisins og þinghalds, og nútímans. Það hefur síðan komið í hlutverk okkar, lifandi í dag, vernda staðinn til frambúðar og komandi kynslóðir.

Eins og hér hefur verið rakið er saga og tilurð Þingvalla sem „hjartastaðs“ mjög tengd sögu sjálfstæðis þjóðarinnar og þjóðríkinu. Hún hefur komið þar saman til að fagna eða minnst merkum áföngum í sögu sinni. Margir aðrir staðir á landinu hafa mjög merkilega og stóra sögu að segja af landinu, til dæmis Skálholt og Reykjavík, en þeir staðir hafa ekki haft eins sterk áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar. Hefur þar mikið að segja hvernig Þingvellir hafa orðið að stað minninganna, eitthvað sem hvorki hefur verið eignað Skálholti né Reykjavík. Slík þróun er þó alfarið af mannavöldum. Ef við setjum söguskoðunina, sem átti sér stað í sjálfstæðisbaráttunni um Þingvelli, til hliðar er staðurinn samt sem áður merkilegur fyrir þær sakir hve mikilvægur hann var og er þjóðinni. Burtséð frá öllum loftkastalasmíðum um gullöldina og þjóðveldið var staðurinn sameiningartákn og mikilvægur sem slíkur. Mikilvægi og vinsældir Þingvalla eru tilkomin af þörf þjóðarinnar til þess að staðfesta sjálfsmynd sína og hefur það gengið vel hingað til.

4. Friðun Þingvalla

Krafan um friðun Þingvalla kom til af erlendri fyrirmynd og þá sérstaklega frá Bandaríkjunum. Helstu baráttumenn friðunar hér á landi höfðu kynnt sér hugmyndafræði þjóðgarða þar í landi og börðust fyrir því að slíkt yrði framkvæmt hér. Iðnvæðingin og ör stækkun samfélagsins með auknum broti á landi undir byggð var helsti hvatinn fyrir friðunum í heiminum. Fyrst var áherslan á verndun auðlinda svo að þær gengju ekki til þurrðar en

⁵⁶ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir*, 60.

færðist síðan út til verndunar menningarlegra svæða. Hugmyndin um friðun Þingvalla má rekja aftur til aldamótanna 1900 en langur tími leið þar til hún varð að veruleika. Helsti hvatinn til friðunar og framkvæmda á Þingvöllum má rekja til einhverskonar hátíða eða samkoma sem haldnar voru á staðnum. Kynntar verða til sögunar ólík sjónarmið náttúruverndunar og þjóðernishyggju þegar kemur að friðun og að lokum verður kannað hvernig þessi ólíku sjónarhorn komu til við friðun Þingvalla.

1.5 Straumar friðunar í Evrópu og Bandaríkjunum

Mikil straumhvörf urðu í Evrópu í kjölfar iðnvæðingarinnar á átjándu öld. Það var ekki eingöngu bylting í framleiðslu heldur einnig í hugsunarhætti og hugarfari. Hraði samfélagsins og mynstur þess breyttust til frambúðar. Borgir stækkuðu og verksmiðjum fjölgaði. Þessi þróun hafði í för með sér þéttari og samheldnari samfélagshópa með stækkandi borgum og batnandi kjörum verkafólks eftir því sem leið á öldina. Bæting kjara krafðist þó baráttu sem þétti enn frekar ákveðna samfélagshópa⁵⁷. Undir lok átjándu aldar hafði upplýsingin (e. *enlightenment*) náð fótfestu í fræðasamfélaginu en hún byggði á vísindalegum athugunum, rökræðum og gagnrýnni hugsun sem hrinti af stað gífurlegri þekkingaröflun sem þekkti engin takmörk.⁵⁸ Sterk millistétt byrjaði einnig að myndast í iðnvæddum ríkjum Evrópu og Ameríku; millistétt sem nú hafði efni á þeim munaði sem áður var einskorðaður við aðalinn. Margir þráðu ný tækifæri og fluttu af landi brott, þá helst til Ameríku. Til að byrja með settist fólk aðallega að við austurströndina. Mikil aukning innflytjenda og tilkoma gufuvélarinnar, sem bættu samgöngur til muna, varð þess valdandi að samfélög byrjuðu að myndast víðsvegar um þetta víðáttumikla land. Þessi þróun og uppbygging varð á mjög skömmum tíma og með svo miklum hraða að hún varð auðsjáanleg á einni mannsævi. Á þessum tíma margfaldaðist landsvæði Bandaríkjanna og að sama skapi rúmlega fjórfaldaðist mannfjöldinn.⁵⁹ Þegar breytingar á samfélagi okkar verða á löngum tíma verðum við lítið vör við þær en þegar þær gerast beint fyrir framan nefið á okkur komumst við ekki hjá því að

⁵⁷ A.S. Mather, *Land use* (UK: Longman group, 1986), 1-5.

⁵⁸ Andrew Heywood, *Global Politics* (England: Palgrave Macmillan, 2011), 28.

⁵⁹ U.S. Bureau of the Census, *Historical statistics of the United States: Colonial times to 18970, Part II* (Washington, D.C, 1975), 1152-1200.

taka eftir þeim. Slík varð raunin í Bandaríkjunum. Landvinningar gerðust svo hratt að margir urðu uggandi yfir náttúruauðlindum landsins en ekki síður náttúruminum sem myndu glatast ef ekkert yrði að gert.

Þörfin fyrir að vernda og varðveita landið spratt upp úr þessum jarðvegi iðnvæðingarinnar en þörfin var ekki öllum ljós. Það voru þó nokkrir sem ekki þreyttust við að benda á þessa þróun og einn þeirra var hinn skosk-bandaríski náttúruunnandi John Muir (1838-1914). Undir lok nítjándu aldar varð hann þekktur á sínum heimaslóðum sem einn helsti frumkvöðull náttúrufriðunar, þá einkum við austurströnd-Bandaríkjanna. Það var þó ekki fyrr en hundrað árum síðar að barátta hans fyrir náttúruvernd náði yfir Atlantshafið.⁶⁰ Hugmyndir hans voru um margt rómantískar er hann lýsti því hvernig maðurinn væri órjúfanlegur partur af náttúrunni og að það væri nauðsynlegt að varðveita það samband. Það væri mannum tortíming að hverfa frá náttúrunni og vildi hann færa manninn nær henni frá hinni bandarísku efnahyggju sem honum þótti vera að taka völdin í heimalandi sínu. Þetta er mjög í anda hinnar rómantísku stefnu. Það sem aðgreindi hann frá hinni rómantísku hugsun var þó sú pragmatíska hugmynd að vegna ofnotkunar mannsins á landsvæðum sé nauðsynlegt að vernda þau svæði sem hafa ríkari tilfinningalegt gildi en sá ágóði sem hlýst af ræktun þess eða ofnotkun þess skaði notagildi þeirra til framtíðar⁶¹ Þannig gæti ágóðinn af útiveru og tenging við náttúruna verið æðri og meiri en tekjur af námuvinnslu úr fjöllum og virkjunum á fossum.

Ómögulegt er að segja hvenær maðurinn tók fyrsta skrefið í umhverfisfriðun eða verndun. Líklega er hægt að ímynda sér að slíkar friðanir hafi fyrst verið gerðar í efnahagslegum tilgangi til þess að vernda efnahag eða auðlindir svo sem landsvæði til mateldis eða timbur. Með því að skoða friðunarflokkun Alexanders Smith Mather er hægt að sjá fyrir ákveðna þróun friðunar. Fyrsti liðurinn í flokkun hans er verndun auðlinda (e. *resource conservation*) og byggir á þeirri hugmynd sem nefnd hefur verið áður um verndun til þess að hægt sé að nýta auðlindina á hagkvæmari máta en ekki vegna fagurfræðilegra sjónarmiða. Þarna mætti til dæmis nefna friðun á skógum til þess að koma í veg fyrir ofnotkun, friðun á vatnsbólum og

⁶⁰ Worster, Donald, *A Passion for Nature: The Life of John Muir* (New York: Oxford University Press, 2008), 3.

⁶¹ Sama heimild, 99.

jafnvel verndun á fiskistofnum með kvótakerfi líkt og á Íslandi. Markmiðið er að komandi kynslóðir fái einnig notið auðlindanna. Næsti flokkur er náttúrufríðun (e. *nature conservation*) en öfugt við auðlindafríðun er markmiðið þar ekki efnahagslegur ávinningur til lengri tíma heldur eingöngu út frá fegurðarsjónarmiðum eða vegna fornleifa. Dæmi um það úr íslenskri sögu væri til dæmis barátta Sigríðar í Brattholti fyrir verndun Gullfoss. Þriðji og síðasti flokkurinn er fríðun á landslagi (e. *landscape conservation*) og svipar meira til náttúrufríðunar en er þó flóknari. Markmiðin með fríðun á landslagi geta verið nokkur; að frysta landsvæði, halda því óbreyttu eða færa það í sitt upprunalega horf.⁶²

Fyrsta fríðaða landsvæðið í nútíma skilningi var Yosemite garðurinn í Bandaríkjunum en hann var lagður undir Kaliforníufylki árið 1864 með það að markmiði að sporna gegn landnámi á svæðinu. Fyrsti þjóðgarðurinn var síðan Yellowstone í Wyoming fylki árið 1872 og fylgdi Yosemite í kjölfarið og varð að þjóðgarði árið 1890. Í framhaldinu urðu til fjölmargir þjóðgarðar í Bandaríkjunum; stefna sem fyrst miðaði að því að vernda ósnerta náttúru en þróaðist síðan yfir í áherslu á að vernda landsvæði frumbyggja og menningarlega arfleið Ameríku.⁶³ Í fyrstu voru deilur um þjóðgarðana litlar; landið var víðfeðmt og fólk ekki svo margt. Þegar fór að þrengja að varð krafan um nýtingu á landsvæðum þjóðgarðanna háværingi og náði hámarki um aldamótin 1900. Eftir þrjátíu ára deilur var farið af stað í að reisa vatnsvirkjun í einum dal Yosemite þjóðgarðsins. Þetta voru mikil vonbrigði fyrir náttúruverndarsinna og börðust þeir fyrir því að skýrari stefna í fríðunarmálum yrði tekin upp. Árið 1916 var þjóðgarðsstofnunin (e. *U.S. National Park Service*) sett á laggirnar og tók við yfirumsjón með þjóðgöörðum landins⁶⁴ sem skerpti enn frekar á hugmyndafræði þjóðgarða þar í landi.

Fríðanir í Evrópu tóku lengri tíma og voru í eðli sínu flóknari. Þar var mest allt land þegar í einkaeigu og því erfitt að sveipa því undir vernd ríkisins. Með tímanum og þá sérstaklega með lýðræðisvæðingunni opnuðust áður lokuð veiðilönd og óðalssetur aðalsmanna sem

⁶² Mather, *Land Use*, 187-190.

⁶³ U.S. Department of the Interior, *A Brief History of the National Park Service* (Washington, D.C, 1940), http://www.cr.nps.gov/history/online_books/kieley/index.htm (Síðast uppfært 16. júní 2003. Sótt 3. Apríl 2014).

⁶⁴ Sama heimild.

urðu að útivistarsvæðum almennings og mörg þeirra svæða friðuð eða vernduð að einhverju leyti. Mörg friðuð svæði í Evrópu eru þó ennþá í einkaeigu á meðan almenningur hefur eingöngu aðgangsrétt af þeim en eiga svæðin ekki eins og hugmyndin er með þjóðgörðum í Bandaríkjunum. Aðstæðum til friðana á Íslandi væri hægt að lýsa sem blöndu af aðstæðum á meginlandi Evrópu og Ameríku. Til að byrja með var hér lítið tilefni til verndunaraðgerða, mest land var nú þegar ósnortið líkt og í Ameríku en á sama tíma var samfélagið mjög gamalt og átti sér ýmsar merkilegar fornminjar sem vert var að vernda eins og í Evrópu. Fyrsta friðunin hér á landi varð þó ekki fyrr en árið 1913 með friðun á veiðum og heimkynnum hafarnarins.⁶⁵ Miðað við söguna sem rakin hefur verið hér var þessi friðun frekar seint á ferðinni samanborið við önnur ríki.

1.6 Friðun þingvalla

Fyrstu hugmyndir um friðun á Íslandi má finna í skrifum Matthíasar Þórssonar í *Skírni* árið 1907, undir yfirskriftinni „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja.“ Hann varð síðar þjóðminjavörður og gengdi því embætti næstu fjóra áratugina. Í skrifum sínum bendir hann á að á Íslandi séu engin lög sem vernda náttúruna og menningu þjóðarinnar og að „í samanburði við frændþjóðir vorar erum vér Íslendingar skamt á veg komnir með að vernda og friða vorar föstu fornmenjar.“ Telur hann upp þau lög sem til eru um verndun *lausra fornminja*, til dæmis bækur og aðrir smáir fornleifafundir, en gagnrýnir harðlega aðgerðarleysi stjórnvalda í málefnum *fastra fornminja*, eins og þær sem finnast á Þingvöllum. Nefnir hann þjóðgarðana í Bandaríkjunum þar til fyrirmyndar en talar þó ekki beinum orðum um nauðsyn þess að stofna hér til þjóðgarðs. Sjálfur hafði hann meiri áhuga á fornminjum og mikilvægi varðveislunar þeirra eða eins og hann orðaði það sjálfur að mikilvægi þess að standa vörð um þessar minjar „er ekki aðeins til vísindalegs gagns, heldur jafnframt vegna tilfinningar vorrar og heiðurs þjóðarinnar.“⁶⁶

⁶⁵ Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og vermæti* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 113.

⁶⁶ Matthías Þórsson, „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja,“ *Skírni: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 81 (1905): 180-183.

Guðmundur Davíðsson (1874 – 1953) var mikill áhugamaður um náttúruvarðveislu og skógrækt. Hann var einnig sá fyrsti til þess að nefna stofnun þjóðgarðs á Þingvöllum. Hann var mjög fróður um stjórnun þjóðgarða í Bandaríkjunum sem síðan mótuðu hugmyndir hans varðandi Þingvelli.⁶⁷ Sjálfur var Guðmundur mikill áhugamaður um skógrækt og var skógvörður í Furulundi. Hugmyndir hans um Þingvelli voru mjög mótaðar af því og vildi hann sjá Þingvelli í sínu upprunalega horfi. Það sem hann taldi vera upprunalegt var landsvæðið allt skógi vaxið eins og heimildir væru fyrir um í Landnámu. Eins og sjálfstæði þjóðarinnar var sögð forsenda blómskeiðs þjóðarinnar rökstuddi Guðmundur að vel ræktað land væri að sama skapi forsenda þess að landi og þjóð vegnaði vel.⁶⁸ Árið 1913 skrifaði hann í *Eimreiðina* greinina *Þingvellir við Öxará*.⁶⁹ Þar koma hugmyndir hans um skógrækt á Þingvöllum skýrt fram. Segir hann að „þar sem um svo hrjóstugt land er að ræða, sem Þingvellir, og víða gróðursnautt, yrðu þeir sem þjóðgarður jafnframt að vera skógræktarland; enda mun óvída hér á landi hentugri staður til skógræktar á bersvæði en eimmitt Þingvallarhraun. [...] Loftslágið á [...] vel við skóggróður og er ýmsum útlendum trjátegundum að mörgu leyti hentugt.“⁷⁰ Þannig talaði Guðmundur um myndun þjóðgarðs og ræktun skógar eins og um sama hlutinn væri að ræða. Forgangsríðið var að þar myndi skógur vaxa, hvort sem það væru íslensk birkitré eða erlendar tegundir. Í þessum sama pistli fjallar hann einnig um slæma umgengni á Þingvöllum og blöskrar drykkjulæti og subbugangur Íslendinga á þessum helga stað þjóðarinnar. Minnir Guðmundur á að sautján árum eftir að greinin er skrifuð yrðu þúsund ár frá stofnun alþingis á Þingvöllum, það er árið 1930. Fannst honum að tilefni væri til þess að fanga þeim áfanga en ekki síður þyrfti að bæta aðstöðu staðarins og skoraði á stjórnvöld að taka í taumana og móta stefnu fyrir Þingvelli til framtíðar með friðunum eða með stofnun þjóðgarðs.⁷¹ Valtýr Guðmundsson, ritstjóri *Eimreiðarinnar* á þeim tíma, tók undir með Guðmundi í grein í sama blaði. Annar maður sem varð undir áhrifum skrifa

⁶⁷ Gils Guðmundsson, „Rán eða ræktun: Guðmundur Davíðsson, frumkvöðull náttúruverndar á Íslandi,“ *Andvari* 120 (1995): 143-168.

⁶⁸ Guðmundur Davíðsson, „Landeign ríkisins,“ *Tíminn* 45 (1923): 166.

⁶⁹ Guðmundur Davíðsson, „Þingvellir við Öxará,“ *Eimreiðin* 19 (1913): 210-229.

⁷⁰ Sama heimild, 214.

⁷¹ Guðmundur Davíðsson, Þingvellir við Öxará, 215-216.

Guðmundar var Jónas Jónasson frá Hriflu sem síðan varð helsti talsmaður friðana Þingvalla á alþingi.

1.7 Þingvellir verða að Þjóðgarði

Þær hugmyndir um friðanir sem lýst hefur verið hér að ofan sýna að hugmyndir vestanhafs hafa haft mikil áhrif á skrif manna hér heima fyrir. Þessar stefnur og straumar settu mark sitt á stjórnsýsluna sem skrifin beindust að og áhrifin skiluðu sér, með seinagangi að mati sumra, inn á alþingi. Árið 1919 var fyrsta þingsályktunartillagan, sérstaklega um málefni Þingvalla, flutt á þinginu. Umræðan snérist fyrst og fremst um slæma umgengni á svæðinu sem Guðmundur Davíðsson hafði bent á og ákveðið var að skipa umsjónarmann yfir sumartímann. Lagt var til að rannsaka skyldi girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið og hvernig heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum í kringum Þingvelli. Í kjölfarið ætti að leggja fram frumvarp að ári um það svæði sem þætti æskilegt til friðunar.⁷² Þingsályktunartillagan bar sterkan svip af skrifum Guðmundar Davíðssonar og kemur lítið á óvart að stuttu eftir að tillagan var samþykkt af þinginu var hann valinn sem umsjónarmaður Þingvalla yfir sumartímann. Var það fyrsta verkið sem framkvæmt var af tillögnum enda voru allir sammála því að slæma umgengni staðarins þyrfti að bæta.

Margir höfðu þó eitt og annað út á tillöguna að setja, bæði á þingi sem og utan þess. Margir bentu gífurlegan kostnað við það að stofna til þjóðgarðs. Á svæðinu væru býli sem þyrfti að rýma og landsvæði sem væri enn í ræktun. Ef ríkið ætlaði sér að taka yfir þetta svæði myndi það skila sér í kaupum á dýru landsvæði og háum skaðabótageiðslum sem ríkið hefði ekki efni á að greiða. Því fylgdi síðan aukinn kostnaður við að girða svæðið og eitthvað myndi umsjón og eftirlit með staðnum kosta ríkissjóð. Enginn hélt því því í raun fram að friðun Þingvalla ætti ekki rétt á sér, heldur eingöngu að forgangsröðunin væri röng þegar efnahagur landsins væri ekki betri. Næsta deilumál varðaði það hvort friðunin ætti að ná yfir villt dýr á svæðinu. Úr varð að villt dýr voru friðuð með þeim fyrirvara að veiða mætti dýr

⁷² Sigrún Helgadóttir, Þingvellir: Þjóðgarður og heimsminjar, 191.

sem þættu skaðleg svæðinu en var þeirri undantekningu aðallega beint að refnum á svæðinu. Einnig væri erfitt að koma í veg fyrir lausagang búfjár á svæðinu og þá sérstaklega ef svæðið yrði ekki afgirt. Það er þó eitt deilumál sem hefur enn ekki verið leyst úr og varðar byggingar á svæðinu. Raddir voru á lofti um að losa Þingvelli við allar byggingar og þar með koma þeim í einhvers konar upprunalegt horf þjóðveldisáranna. Einar Arnórsson þingmaður talaði til að mynda gegn öllum byggingum á svæðinu, hvort sem það var Konungshúsið, Vallhöll eða sumarhústaðir á svæðinu. Varð svo úr að í þingsályktunartillögu stóð „að koma [ætti] í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög risi sumarhústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu.“⁷³ Konungshúsið var rífið stuttu eftir Alþingishátíðina 1930 og Valhöll brann síðan til kaldra kola árið 2009 en eftir stendur þó deilan um sumarhúsin.

Jónas frá Hriflu tók sæti á þingi árið 1922 fyrir Framsóknarflokkinn. Hann hafði ekki setið í ár á þingi þegar hann lagði fram frumvarp um friðun Þingvalla, að staðurinn skyldi vera „friðlýstur helgistaður Íslendinga“⁷⁴ frá árinu 1930. Þá væru þúsund ár frá stofnun alþingis á Þingvöllum, eins og Guðmundur hafði réttilega bent á. Í frumvarpinu var lögð til stofnun Þingvallanefndar sem hefði það hlutverk að vinna að friðun svæðisins fyrir hátíðina. Lagt var til að nefndin hefði algjört úrslitavald um framkvæmdir á svæðinu og hefði á sínum snærum eftirlits- og umsjónarmann sem hefði yfirumsjón með staðnum, sæi um að rukka aðkomugjald og hefði leyfi til þess að vísa fólki frá vegna ölvunar eða ruddalegrar framkomu. Virðist frumvarpið hafa verið mikið hitamál fyrir flytjanda frumvarpsins, Jónas frá Hriflu, og sagði hann meðal annars að það væri „óhugsandi að láta það fara saman, að fjöldi manna dvelji þar eftirlitslaust og að staðurinn verði jafnframt varðveittur í sinni fornu mynd.“⁷⁵ Svo virðist sem ósk Guðmundar Davíðssonar yrði að veruleika; stjórnvöld voru byrjuð að taka við sér. Nokkrar breytingar voru þó gerðar á frumvarpinu sökum gagnrýni; hætt var við gjaldtöku og svæðið minnkað að flatarmáli. Frumvarpið var samþykkt af efri deild þingsins, fór síðan í nefnd en kom síðan aldrei aftur til umræðu á þinginu.⁷⁶

⁷³ Alþingistíðindi 1919 A II, 553 og 1163.

⁷⁴ Birtist í sögulegu yfirliti í: Frumvarp til laga um náttúruvernd, þskj. 848, 528 mál, 1998-1999. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/123/s/0848.html> (sótt 1.5.2014).

⁷⁵ Alþingistíðindi 1923 A, 690.

⁷⁶ Birtist í sögulegu yfirliti í: Frumvarp til laga um náttúruvernd, þskj. 848, 528 mál, 1998-1999. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/123/s/0848.html> (sótt 1.5.2014).

Þrátt fyrir að frumvarpið næði ekki í gegn var hafist handa við að skipuleggja þúsund ára afmæli alþingis og til þess var skipuð Þingvallanefnd 31. mars 1925. Í henni sátu Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, Geir Zoëga landverkfræðingur og Guðjón Samúelsson húsameistari. Markmið nefndarinnar var að:

Gjöra tillögur til ráðuneytisins um það, hverjar framkvæmdir og ráðstafanir sju nauðsynlegar á hinum forna alþingisstað, Þingvelli, og í nágrenni hans á komandi tíð, sjerstaklega fyrir árið 1930, með tilliti til væntanlegrar hátíðahalda það ár.⁷⁷

Tillögur nefndarinnar voru frekar almennar og í anda við það sem áður hefur verið nefnt. Guðmundur Davíðsson skrifaði í kjölfarið grein í *Tímann* árið 1926 þar sem hann fór hörðum orðum um störf nefndarinnar. Byrjar hann á því að segja að nú hafi liðið tólf ár frá því hann tjáði sig fyrst um stofnun þjóðgarðs á Þingvöllum en stjórnvöldum hafi ekki enn tekist að mynda sér stefnu í málinu og myndu Þingvellir, að öllu óbreyttu, verða þjóðinni til skammar á Alþingishátíðinni. Segir hann að nefndin hafi lagt til að fjármunum yrði varið í að reisa byggingar og leggja vegi en ekkert hugsað um sjálfa friðunina. Nauðsynlegt væri að losa Þingvelli við bóndabæina og í því sambandi yrði „engin upphæð svo há, að ekki væri gróði og landhreinsun að losa þá úr Þingvallalandi.“⁷⁸ Finnst honum þó að þeir ættu í raun að sýna þá „drenglund og höfðingjaskap“ að ganga frá býlum sínum þegar þjóðarhagsmunir væru eins miklir og raunin var með friðun Þingvalla. Hvort að tilætlunarsemi Guðmundar í garð bændanna á svæðinu, sem hann vildi jafnvel beita eignarnámi ef þeir ekki vildu selja land sitt, hafi verið vegna aðgerðarleysi stjórnvalda skal látið ósagt.

Alþingishátíðarnefnd var komið á fót 1926 og skipuð sjö alþingismönnum og átti Jónas Jónsson frá Hriflu sæti í henni. Eins og fyrri nefndir ályktuðu komst þessi nefnd að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að sérstök lög tryggðu opinber umráð yfir Þingvallalandi. Nú var Jónas frá Hriflu orðin dóms- og kirkjumálaráðherra og var fljótur til og samdi sjálfur stjórnarfrumvarp um friðun Þingvalla. Frumvarpið var að mestu byggt á frumvarpinu frá

⁷⁷ Forsætisráðuneyti, „Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925,“ *Þingvallanefnd 1942-1966* 497 (1989), 1.

⁷⁸ Guðmundur Davíðsson, „Verður Þingvöllum bjargað?“ *Tíminn* 14 (1926): 55.

árinu 1923.⁷⁹ Hvergi í lögunum stendur að Þingvellir séu þjóðgarður en umgjörð laganna bera þess þó sterk merki að um þjóðgarð sé að ræða. Tók friðunin til alls dýralífs á svæðinu, staðurinn skyldi varinn fyrir ágangi sauðfjár og geita, skógurinn friðaður í heild sinni og engar framkvæmdir leyfðar án aðkomu Þingvallanefndarinnar⁸⁰. Lögin voru samþykkt árið 1928 og tóku gildi í upphafi árs 1930. Hugmyndir Guðmundar Davíðssonar höfðu náð í gegnum þingið; lög um friðun Þingvalla sem helgistað þjóðarinnar var orðin að veruleika.⁸¹

Undirbúningur Alþingishátíðarinnar fór kröftuglega af stað, enda hafði skipulagning og undirbúningur hennar dregist á langinn líkt og Guðmundur benti á í skrifum sínum. Húsin tvö á völlum, Konungshúsið og Valhöll, voru flutt undir Hallinn og stóðu þar til hið fyrra var rífið en síðan brann Valhöll árið 2009. Lagður var vegur að húsunum yfir Þingvallatúnið og brú byggð yfir Öxará, en farvegi hennar hafði einnig verið breytt. Lengi hafði verið unnið að því að slétta Vellina en nú þegar metnaður var kominn í verkið var Vallakrökur og Efri-Vellirnir einnig sléttaðir. Við þessa vinnu hurfu margar ævaforin reiðslóðar.⁸² Eru þá upptaldar þær framkvæmdir sem höfðu varanleg áhrif á ásýnd staðarins en einnig voru reistir pallar, svið, samkvæmishús og tjaldbúðir sem tekið var niður að hátíðinni lokinni.

Við friðun Þingvalla 1930 lét Jónas frá Hriflu þau orð falla að nú þegar búið væri að færa Valhöll og Konungshús undir Hallinn mætti bæta þar við nokkrum sumarústöðum án þess að raska við svipmynd Þingvalla.⁸³ Sjálfur sat Jónas í Þingvallanefnd frá upphafi 1928 til ársins 1947 og hafði þannig framkvæmdarvald yfir Þingvöllum. Nokkrir vel valdir borgarar fengu úthlutaða lóð og var lóðum á Þjóðgarðssvæðinu úthlutað alveg til sjöunda áratugs síðustu aldar eftir harða gagnrýni. Árið 1967 kom út samantekt á sumarhúsum á Þingvöllum í *Samvinnunni*. Þar var viðtal við Jónas og hann spurður af því hvernig stæði á því að hann hafi skipt svona um skoðun frá því að berjast fyrir friðun Þingvalla. Svaraði hann því að það hafi verið „sjónarmið sitt og annarra nefndarmann, að frið bæri svæði austan Öxará, en leyfa byggð vestan árinna frá Valhöll og austur með Þingvallarvatni vestanverðu. Ástæðuna kvað

⁷⁹ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*, 194-195.

⁸⁰ Þetta átti við um bæði ríkisjarðir sem og jarðir í einkaeigu innan hins friðlýsta svæði.

⁸¹ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*, 194-195.

⁸² Sama heimild, 146-167.

⁸³ Jónas frá Hriflu, „Um Þingvelli,“ *Skinfaxi* 23 (1932): 97-105.

hann fyrst og fremst hafa verið þá, að hann vildi „líf“ á Þingvöllum, en gat þess jafnframt að gott hefði verið að láta áhrifamenn í Þjóðfélaginu eiga persónulega hagsmuna að gæta á Þingvöllum, svo þeir legðust á eitt um að verja staðinn skakkföllum ef þurfa þætti.“ Þingvallanefnd hefur ítrekað ályktað að taka eigi sumarbústaði í einkaeigu á friðlýsta svæðinu eignarnámi en aldrei hefur þó komið til slíkra framkvæmda. Árið 2004 var sú stefna tekin að Þjóðgarðurinn hljóti forkaupsrétt á bústöðum sem fari á sölu innan svæðisins en sú stefna hefur ekki verið virt.⁸⁴ Þrátt fyrir að skýrari stefna hafi verið tekin um að Þjóðgarðurinn eigi að vera laus við byggingar í einkaeigu hefur ekki tekist að framfylgja þeirri hugsjón. Það eru þó fleiri stefnur sem tekið hafa breytingum á svæðinu.

Upphaf skógræktar á Íslandi hófst í Furulundi um aldamótin 1900. Eftir að lokið var við að girða Þingvelli af árið 1931 varð mikil eftirvænting eftir því að sjá kjarrið á staðnum taka við sér og mynda hið víðfræga skógivaxna landslag sem var þar við landnám. Þessa hugmynd má heyra í orðum Jónasar frá Hriflu um að „skógurinn á, eins og í fornöld, að vaxa um allt Þingvallahraun. Þetta er er hugsjón okkar sem viljum vernda Þingvelli.“⁸⁵ Þeir sem réðu framkvæmdum á Þingvöllum þess tíma urðu ópolinmóðir af biðinni og byrjuðu að gróðursetja bæði í Furulundi og nálægt þinghelginni. Margvíslegar tegundir voru gróðursettar á fyrstu áratugunum þar sem leitast var eftir hröðum og miklum vexti. Fyrir vikið varð skógrækt merki um Þjóðrækni og spruttu um allskyns átök þar sem ýmis fyrirtæki og ungliðasamtök tóku sig saman og gróðursettu hundruði þúsunda trjáa.⁸⁶ Þessi áhersla á skógrækt féll þó ekki öllum í geð og var harðlega gagnrýnd. Nytjaskógur gengur gegn hugmyndafræði Þjóðgarða sem byggja á því að vernda landsvæði án inngripa manna með nokkrum hætti og getur það því aldrei staðist að rétt sé að flytja inn og planta erlendum trjátegundum á svæðinu. Á níunda áratug síðustu aldar var skógrækt á svæðinu loks hætt en þá opnaðist umræðan um hvað ætti að gera við þau tré sem nú þegar væri búið að gróðursetja. Flest þessara trjáa voru af erlendum uppruna og þeim fjölgar hratt ef ekkert er

⁸⁴ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*, 203.

⁸⁵ Gísli Guðmundsson ritstj, „*Eldhúsdagsræður Jónasar Jónssonar, dómsmálaráðherra*,“ *Tíminn* 24 (1930), 87.

⁸⁶ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*, 102.

að gert. Einnig voru áhyggjur af því að rætur þeirra gætu eyðilagt ófundnar fornleifaminjar.⁸⁷ Núgildandi stefna í skógrækt frá árinu 2004 gerir ráð fyrir því að erlendar trjátegundir verði fjarlægðar úr þinghelginni og varfærni verði höfð að leiðarljósi í grisjun í þjóðgarðinum. Furulundurinn fær þó að standa óbreyttur, aðallega vegna sögu sinnar sem fyrsti nytjaskógur Íslands. Það vekur óneitanlega upp spurningar um hvaða hugsjón ræður för við friðun á Þingvöllum? Er verið að friða Furulundinn vegna þess að þar vaxa erlendar trjátegundir eða vegna þess að hann er partur af sögu okkar sem þjóð? Er verið að friða skóginn út frá sjónarhorni náttúruverndar eða þjóðernishyggju?

1.8 Heimsminjaskrá UNESCO

Menningamálastofnun Sameinuðu þjóðanna: UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization) var stofnuð árið 1945. Hlutverk hennar er að stuðla að friði með samvinnu á sviði menntunar, vísinda og menningar í heiminum. Í stofnskránni frá 1946 er komist svo að orði að helsta ástæða stríða í heiminum sé vanþekking ólíkra lifnaðarháttanna í öðrum menningarheimum og markmið stofnunarinnar því að kynna ólíka menningarheima. Árið 1972 samþykkti þing UNESCO *Sáttmála um verndun menningar- og náttúruminja heimsins* sem var og er umfangsmesta verkefni friðunar í heiminum.⁸⁸ Hugmyndafræði listans er að sumir staðir í heiminum nái út fyrir tilfinningalegt gildi ákveðinna samfélaga og séu í raun minjar alþjóðasamfélagsins og tilheyri sameiginlegri arfleið mannkynsins. Íslendingar gerðust aðilar að UNESCO árið 1964 og samþykktu heimsminjasáttmálann í desember árið 1995.⁸⁹

Tvenns konar minjar geta komist á heimsminjaskrá UNESCO; það eru mannvirki og náttúrufyrirbæri. Af öllum þeim minjum sem prýða listann eru rúmlega tveir þriðju flokkaðar sem menningarminnjar. Menningararfleiðinni tilheyra söguleg mannvirki, byggingar og sérstakt menningarlandslag sem hefur að geyma sögulega listræna, vísindalega,

⁸⁷ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsminjar*, 107-108.

⁸⁸ Michael A. Di Giovine, *The Heritage-scape: UNESCO, World Heritage, and Tourism* (United Kingdom: Rowman & Littlefield Publishers, 2009), 69-70.

⁸⁹ Auglýsing (nr. 42) um samning um verndun menningar- og náttúruarfleiðar heims, 29. desember 1995. <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/auglysingar421995> (sótt 18. apríl 2014).

þjóðfræðilega eða mannfræðilega eiginleika. Þessir staðir þurfa að vera upprunalegir auk þess sem gæta þarf að umsjón sé höfð með þeim.⁹⁰ Með því að samþykkja landsvæði á listann skuldbinda ríki sig til þess að vernda staðinn og jafnframt viðurkenna og fara eftir athugasemdum og leiðbeinandi ráðleggingum eftirlitsstofnana UNESCO. Ef stofnunin telur illa staðið að verndun staðarins fer hann á hættulista og gæti endað með því að vera fjarlægður af heimsminjalistanum. Nú eru samtals 44 svæði á þeim hættulista.⁹¹

Íslendingar samþykktu aðild að heimsminjasáttmála UNESCO árið 1995 og stuttu síðar var hafist handa við að leggja fram umsókn Þingvalla að listanum. Mikil vinna fór í umsóknina sem var lögð inn árið 2003. Byrjun sumars 2004 tóku í gildi ný lög um friðun Þingvalla sem tóku við af lögnum frá 1928. Nú voru Þingvellir lagalega orðnir þjóðgarður, en það var ekki tilgreint í fyrri lögnum. Flatarmál þjóðgarðsins stækkaði að sama skapi fimmfalt á við hið fyrra friðlýsta svæði og náði nú yfir jarðirnar á svæðinu, fór flatarmál þess fyrir vikið úr 50 km² í 237 km². Stjórnaritari þjóðgarðsins var lítið breytt og kýs alþingi nú sjö alþingismenn, í stað fjögurra, sem fara með framkvæmdavald á staðnum undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins. Sá hluti þjóðgarðsins sem var lagður til umsóknar á heimsminjaskránni var þó takmarkaður við friðlýsta svæðið í lögnum frá 1928. Umsókn Íslands var síðan samþykkt af UNESCO nokkrum mánuðum eftir að ný lög um þjóðgarðinn tóku gildi árið 2004. Taldi UNESCO Þingvelli endurspegla á einstakan hátt norræna og germanska miðaldamenningu og að staðurinn tengdist sterkt bæði Íslendingasögunum frá 12. öld en ekki síður sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld.⁹²

Að komast á eins virtan lista og heimsminjaskrá UNESCO fylgir mikil athygli og verða staðir listans að eins konar vörumerki þeirra þjóða sem þeir tilheyra. Vörumerkið hefur þó öðlast alþjóðlega vísun. Árið 1923 taldi Guðmundur Davíðsson að 700 bílar hafi átt viðkomu á Þingvöllum það sumarið en árið 2010 átti tvöfaldur sá fjöldi bíla viðkomu í Þjóðgarðinum, á

⁹⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. "Heimsminjaskráin." Sótt 18. apríl 2014.
http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=5&Itemid=24

⁹¹ UNESCO, *List of World Heritage in Danger*, <http://whc.unesco.org/en/danger/> (sótt 5.5.2014).

⁹² UNESCO, *World Heritage Committee: Decisions Adopted at the 28th Session*, (2004): 39-40.
<http://whc.unesco.org/archive/2004/whc04-28com-26e.pdf> (sótt 5. apríl 2014).

degi hverjum.⁹³ Þetta leiðir vissulega af sér auknar tekjur af ferðamannaiðnaðinum en innviði þjóðgarða og ferðamannastaða hefur sín þölmörk og geta friðunaraðgerðir í auglýsingaskyni, með auknum ferðamannastraumi, orkað tvímælis. Dæmi um hörmulegar afleiðingar af heimsminjaskránni má til að mynda sjá við Taj Mahal í Indlandi og Machu Picchu í Perú. Þessir staðir, sem áður voru helstu þjóðartákn ríkja sinna, hafa slíkt aðdráttarafl á ferðamenn að heimabúar hafa annað hvort ekki efni á því að sækja þá heim, þeim er meinaður aðgangur eða þeir hafa hreinlega misst áhugann á staðnum. Í Taj Mahal hefur aðgangseyrir hækkað svo mjög að fáir heimamenn hafa efni á því að heimsækja það, þrátt fyrir að þeir fái aðgang á betri kjörum en utanaðkomandi. Í Machu Picchu hefur gestafjöldi verið takmarkaður síðustu ár til að sporna gegn eyðileggingu staðarins og takmarkar að sama skapi aðgengi heimafólks.⁹⁴ Þó svo þetta séu ýktustu dæmin af áhrifum heimsminjaskrárinnar getur þetta þó orðið raunveruleikinn. Friðanir geta þannig átt þátt í að eyðileggja það sem þeim er ætlað að vernda, náttúrulegu ástand staðanna er raskað eða það jafnvel eyðilagt. Ef markmiðið er að friða þarf einnig að skilgreina tilgang friðunarinnar. Er hún til þess að varðveita staðinn eða til þess að auglýsa hann og skapa honum einhverja merkingu?

1.9 Hvað er verið að friða á Þingvöllum?

Friðun Þingvalla hefur byggt allt í senn á vistfræðilegum, jarðfræðilegum og menningarsögulegum forsendum. Í raun er friðun Þingvalla einstök að því leyti að áherslan var fyrst og fremst á sögu staðarins og hennar þeirra í þjóðernisvitund og sjálfsmynd þjóðarinnar í aðdraganda og kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar á nítjándu og tuttugustu öldinni. Var þetta talið eitt af rökunum fyrir því að staðurinn var samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO og því er friðun hans ekki eingöngu á forsendum sögu staðarins heldur ekki síður vegna söguskoðunar um þá sem varð ráðandi í sjálfstæðisbaráttunni.⁹⁵

⁹³ Sigrún Helgadóttir, Þingvellir: þjóðgarður og heimsminjar, 217.

⁹⁴ Michael A. Di Giovine, *The Heritage-scape: UNESCO, World Heritage, and Tourism*, 319-324.

⁹⁵ UNESCO, *World Heritage Committee: Decisions Adopted at the 28th Session*, (2004): 39-40. <http://whc.unesco.org/archive/2004/whc04-28com-26e.pdf> (sótt 5. apríl 2014).

Þingvellir er elsti þjóðgarðurinn á Íslandi, stofnaður árið 1930, þar á eftir leið langur tími þangað til að Skaftafell varð að þjóðgarði árið 1967 og Jökulsárgljúfur í kjölfarið 1973. Þessir tveir þjóðgarðar gengu síðan undir Vatnajökulsþjóðgarð þegar hann var stofnaður árið 2008 en hann spannar um 13% af flatarmáli landsins og er jafnframt stærsti þjóðgarður í Evrópu. Þessir tveir þjóðgarðar, auk Snæfellsjökulsþjóðgarðs, heyra þó undir sitt ráðuneytið hvor. Sérstök stofnun var sett utan um Vatnajökulsþjóðgarð við stofnun hans en þar á undan hafði Umhverfisstofnun haft umsjón yfir þremur þjóðgörðum; þjóðgarðinum Snæfellsjökli, þjóðgarðinum Skaftafelli og þjóðgarðinum Jökulsárgljúfrum. Umsjón Þingvalla hefur þó alltaf heyrt undir hina þingkjörnu Þingvallanefnd sem starfar undir forsætisráðuneytinu.⁹⁶ Þetta leiðir af sér að nú í dag eru þrjú þjóðgarðar með þrjár ólíkar gerðir stjórnarfyrikomulags, þrjár stofnanir sem heyra undir tvö ráðuneyti. Ef stjórnvöld vilja varðveita þjóðgarða hér á landi undir handleiðslu sérfræðinga á sviði náttúruverndar þarf í fyrsta lagi að fjarlægja þjóðgarðinn á Þingvöllum undan pólitískri stjórn löggjafarvaldsins, sem og forsætisráðuneytisins, og setja hann undir faglega stjórn. Farsælast væri að ein ákveðin stofnun hefði framkvæmdarvald yfir öllum þremur þjóðgörðunum. Þannig væri hægt að tryggja samhæfingu og markvissari rannsóknir á lífríki og náttúruverndun þjóðgarðanna í landinu. Mögulega væri, með miðlægari stjórn á þjóðgörðunum, hægt að ná hinu langþráða markmiði og losa Þingvelli við sumarþústaði sem hingað til hefur reynt erfitt að koma reglu á.

Í bók sinni *The Birth of the Museum* fjallar Tony Bennett um tilurð safna og hvaða hvatar liggja þar að baki. Til að byrja með verður að útskýra hvað hann telur vera safn (e. *museum*); hann notar það í mjög víðu samhengi og vísar til hefðbundinna staða eins og skemmtigarða, safna, listgarða og markaða en einnig til óhefðbundari staða líkt og útisvæða, hringtorga eða hvers eina sem ríkisvaldið mótar eftir einhverri pólitískri stefnu. Tilurð safna telur Bennett hafa sprottið upp vegna þarfar valdhafa til að stjórna hugmyndum og gildum sístækkandi millistéttar, var söfnum því beitt markvist til þess að tryggja ákveðin félagsleg viðmið í samfélaginu. Einnig færir hann rök fyrir því hvernig valdhafar noti söfn ekki síður til þess að

⁹⁶ Umhverfisráðuneyti, Friðlýsing og önnur vernd. Í *Hvítabók náttúruvernd* (Reykjavík: Umhverfisráðuneyti, 2011).

sýna mátt þjóðarinnar út á við. Með því að taka stað og setja hann í vernd ríkisins, með því að taka hann úr sögu mannlegrar notkunar er óhjákvæmilega um leið verið að ræna hann upprunalegum tilgangi sínum.. Staðurinn í þeim skilningi er ekki lengur, hann verður það sem honum er ætlað að sýna.⁹⁷ Fornleifar sem finnast við uppgröft og eru settir á þjóðminjasafn hafa algjörlega misst notagildi sitt við það að verða sýningargripir. Þessa hugmynd má sjá til dæmis í verkum Andy Warhol og Marcel Duchamps þar sem þeir tóku hið hversdagslega og gerðu það eftirtektarvert eingöngu með því að færa það úr eðlilegu umhverfi sínu og setja það í nýtt samhengi. Innrömmun þess takmarkar þannig notagildi þess líkt og verndun Þingvalla takmarkar notagildi þeirra. Á Þingvöllum var mikið mannlíf á meðan á þinginu stóð, þar var lifandi markaður og búðir þingmanna eða eins og Björn Þórðarson hæstaréttaritari sagði að það hafi væri hluti af sögunni að á Þingvöllum væru mannvirki og líf.⁹⁸ Hlutverk Þingvalla í dag byggir ekki á notagildi þeirra, eins og var á þjóðveldistímanum, heldur tilfinningagildi þeirra. Að því leyti er ekki um sama stað að ræða lengur. Þannig setur regluverkið svip sinn á staðinn um leið og markmið þess er að varðveita hann í einhverri hugmynd af upprunaleika þess.

Hugmyndir um friðun á Þingvöllum hafa einnig tekið breytingum í tímans rás. Fyrir stofnun þjóðgarðsins og langt fram eftir tuttugustu öldinni fór friðun Þingvalla og skógrækt hönd í hönd. Sú hugmynd að á landnámsöld hafi Þingvellir verið skógi vaxnir var ráðandi söguskoðun og fyrst að jarðvegurinn tæki ekki við sér sjálfur væri nauðsynlegt gróðursetja nytjaskóga. Þessi hugmynd, sem má að miklu leyti rekja til skrifna og stefnu skógræktarmannsins Guðmundar Davíðssonar, gengur þó í berhöggi við hugmyndafræðina á bak við þjóðgarða. Friðun byggir á því að skapa griðarstað fyrir dýr og gróður, þar sem náttúran fær að lifa óáreitt af mannum.⁹⁹ Það er því með ólíkindum að skógrækt hafi verið stunduð á Þingvöllum af eins miklum krafti og raun bar vitni og eftir standa himinháir nytjaskógar sem einkennast af trjátegundum sem eiga ekkert skylt við íslenskar trjátegundir. Eftir standa þó þau tré sem nú þegar hafa verið gróðursett og hafa sum þeirra jafnvel verið

⁹⁷ Tony Bennet, *The Birth of the Museum* (New York: Routledge, 1995), 129.

⁹⁸ Sigrún Helgadóttir, *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsmínjar*,

⁹⁹ Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og vermæti* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 36.

friðuð af sögulegum forsendum, eins og skógurinn í Furulundi. Þetta vekur upp spurningar um það hvað sé í raun verið að friða. Annað dæmi sem vekur upp svipaða spurningu er sléttun vallana á Þingvöllum. Fyrir Alþingishátíðina 1930 voru vellirnir sléttaðir til að auka fegurðargildi þeirra en fyrir vikið hurfu ævaforin reiðstígar á svæðinu. Það orkar tvímælis að berjast fyrir því að staðurinn sé friðaður en um leið farið í framkvæmdir til þess að fegra staðinn sem leiða til eyðingar fornra minja. Er eingöngu verið að friða ímynd og tilfinninguna sem staðurinn veitir þjóðinni frekar en raunverulegt landsvæðið og leifar mannlegrar notkunar á honum? Í byrjun friðunarinnar var áherslan aldrei á vernda náttúrulegt ástand Þingvalla án aðkomu mannsins heldur þvert á móti átti maðurinn að taka virkan þátt í mótun hans. Frá þessari stefnu hefur þó verið vikið og miðað við stefnumótun svæðisins í dag er ætlunin frekar að vernda svæðið og áhersla á frekari rannsóknir á lífríki vatnsins og umhverfi þess.¹⁰⁰

Helsti hvatinn fyrir annað hvort framkvæmdum eða friðunaraðgerðum á Þingvallasvæðinu urðu til vegna einhvers konar viðburða á svæðinu. Fyrst var tekið til hendinni þegar danski konungurinn kom í sína fyrstu heimsókn árið 1874 með nýju stjórnarskránni og síðan aftur 1907. Hér hefur þó aðallega verið beint augum að þeim tveim viðburðum sem mótuðu friðunarsvæðið með afdrifaríkum hætti; Alþingishátíðin 1930 sem varð hvatinn að myndun þjóðgarðs á Þingvöllum og umsóknin að heimsminjaskrá UNESCO sem var hvatinn að stækkun þjóðgarðsins og auknum rannsóknum á fornminjum og náttúrufari á svæðinu. Alþingishátíðin er því skýrt dæmi um það hvernig valdhafar geta notað þjóðerniskennd rök til þess að réttlæta aðgerðir aukin afskipti eins og Anthony Giddens hefur fjallað um. Jarðir voru teknar eignarnámi svo að þjóðgarðurinn gæti orðið að veruleika. Það er ekki hægt að segja að eignarnámið hafi verið vegna hættu sem Þingvöllum stöfuðu af býlunum heldur röskuðu býlin eingöngu hugmyndinni um helgistaðinn.

¹⁰⁰ Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005, <http://www.althingi.is/altext/131/s/1426.html>

Niðurstöður

Hér hefur verið leitast við að svara því hvernig samspil sjónarmiða náttúruverndar og þjóðernishyggju komu til við friðun Þingvalla. Til þess var orðræða og ríkjandi söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar skoðuð og sett í samhengi við þá stefnu á friðun Þingvalla sem fór af stað eftir að landið hafði öðlast sjálfstæði. Hugmyndir Íslendinga varðandi staðinn hafa tekið miklum breytingum, frá því að vera talin hrjóstug og erfið yfirferðar, yfir í það að vera talinn hjartastaður þjóðarinnar. Hér hafa verið færð rök fyrir því að rekja megi þá þróun til þarfar helstu sjálfstæðisbaráttunnar til að finna þjóðinni sameiningartákn. Þingvellir urðu fyrir vikið stór þáttur af sjálfsmynd þjóðarinnar. Þrátt fyrir að aðrir staðir á landinu eigi sér sögu sem tengist nútímanum betur, Skálholt og Reykjavík voru nefnd sem dæmi um slíkt, hafa þeir ekki haft eins sterk áhrif á þjóðernisvitund þjóðarinnar. Sterk tengsl Þingvalla við sjálfsmynd þjóðarinnar má sjá í því hvað mönnum var mikið í mun að Þingvellir væru komnir í sín fegurstu klæði fyrir Alþingishátíðina 1930, því þá yrði dómsdagur þjóðarinnar. Það kemur einnig fram í umsókn landsins að heimsminjaskrá UNESCO. Þingvöllum stafaði engin hætta að neinu ráði og því má ætla að umsóknin hafi fyrst og fremst byggst á vilja til að upphefja sjálfsmynd þjóðarinnar sem og auglýsingagildið sem hlýst af slíkri viðurkenningu. Friðanir í auglýsingaskyni geta þó snúist upp í andhverfu sína ef afleiðing friðunarinnar eykur aðsókn á staðinn yfir þau mörk sem hann þolir; í þessu samhengi voru Taj Mahal og Machu Picchu nefnd sem dæmi.

Hvatinn til þess að vernda ákveðin svæði má rekja til ofnotkunar í kjölfar iðnvæðingarinnar. Það sem byrjaði sem verndun gegn ofnýtingu þróaðist yfir í að vernda einnig menningarlega mikilvæg svæði. Þannig urðu til menningarleg landsvæði sem nútímamaðurinn tekur að sér það hlutverk að vernda skilyrðislaust sem arfleidd mannkynssögunar, tilurð heimsminjaskrá UNESCO sýnir þann hugsunarhátt í verki. Með þessu urðu skil milli „nútímans“ og „þess sem var.“ Í því samhengi verða Þingvellir sögustaður; verndunin felst í því að færa fortíð sögunnar nær samtímanum. Hugmyndin að baki er ekki ósvipuð því að setja hlut á safn til varðveislu svo að allir geti að honum dáðst. Þrátt fyrir að markmiðið sé að vernda einhverja hugmynd um upprunaleika hefur það alltaf afleiðingar að vernda hlut eða stað. Með því er verið að fjarlægja eðlilegt notagildi hans og notagildið verður þess í stað formlegra. Þetta sést í því hvernig líf á Þingvöllum ríkti í kringum

Þingið á árum áður og þingfundir voru haldnir þar í sjálfstæðisbaráttunni en í dag takmarkast hlutverk þeirra að mestu við opinberar hátíðir og sem viðkomustaður ferðamanna.

Þingvellir eru merkilegur staður fyrir þær sakir hvað hann hefur öðlast stóran sess í sjálfsmynd þjóðarinnar í kjölfar söguskoðunar sem varð ríkjandi í sjálfstæðisbaráttunni. Var það jafnframt eitt af rökum UNSESCO fyrir samþykki Þingvalla á heimsminjaskrána. Í gegnum tíðina hefur ríkisvaldið beitt þjóðernislegum rökum fyrir yfirtöku á svæðinu, allar friðanir og framkvæmdir af hálfu ríkisins á svæðinu hafa verið rökstuddar á þeim grundvelli að Þingvellir séu eign þjóðarinnar. Síðari aðgerðir og friðanir á svæðinu hafa einnig einkennst af svipaðri þjóðerniskennd er varðar sögu þjóðarinnar. Ef einlægt markmið er fyrir hendi að í þá veru að vernda lífríki og náttúru staðarins til frambúðar þarf að færa Þingvelli undan stjórn pólitískra ráðamanna og undir sameiginlega þjóðgarðsstjórn. Þrátt fyrir að tilvist Þingvalla sem hjartastað þjóðarinnar megi reka til þjóðernishyggju 19. aldar þarf stjórn hans í dag ekki að lúta sömu lögmálum.

Friðun Þingvalla fæst ekki skilin án þess að skilja sögu þjóðarinnar, að því gefnu var friðunin byggð á þjóðernislegum grundvelli frekar en frá sjónarhorni náttúruverndar. Hugmyndin um það hvað telst til friðunar á Þingvöllum hefur tekið breytingum líkt og maðurinn sjálfur. Skógrækt sem áður þótti merki um þjóðrækni á Þingvöllum þykir núna lýta staðinn og draga úr upprunaleika hans. Þessi áhugi á mótun á náttúru Þingvalla sprettur fyrst og fremst upp af upphafningu Þingvalla sem sameiningartákni þjóðarinnar en nokkru öðru. Í dag er verndunarstefna Þingvalla náttúrumiðaðri en hún var, en hún mun alltaf eiga uppruna sinn í viðhorfum sjálfstæðisbaráttunar.

Heimildaskrá

- Alþingistíðindi 1923 A.
- Alþingistíðindi 1919 A II C.
- Auglýsing (nr. 42) um samning um verndun menningar- og náttúruarfleiðar heims. 29. desember 1995. <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/auglysingar421995> (sótt 3. apríl 2014).
- Birgir Hermannsson. „Hjartastaðurinn: Þingvellir og íslensk þjóðernishyggja.“ *Bifröst Journal of Social Science* 5 (2011): 21-45
- Day, Graham og Andrew Thompson. *Theorizing Nationalism*. New York: Palgrave Macmillan, 2004.
- Di Giovine, Michael A. *The Heritage-scape: UNESCO, World Heritage, and Tourism*. United Kingdom: Rowman & Littlefield Publishers, 2009.
- Einar Laxness. *Íslandssaga – Bindi I-III*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 1995.
- Forsætisráðuneytið. „Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925.“ *Þingvallanefnd 1942-1966* 497 (1989).
- Frumvarp til laga um náttúruvernd, þskj. 848, 528 mál, 1998-1999. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/123/s/0848.html> (sótt 1.5.2014).
- Gils Guðmundsson. „Rán eða ræktun: Guðmundur Davíðsson, frumkvöðull náttúruverndar á Íslandi.“ *Andvari* 120 (1995): 143-168.
- Gísli Guðmundsson ritstj. „Eldhúsdagsræður Jónasar Jónssonar, dómsmálaráðherra.“ *Tíminn* 24 (1930), 87-90.
- Gunnar Helgi Kristjánsson. *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Guðmundur Davíðsson. „Verður Þingvöllum bjargað?“ *Tíminn* 14 (1926): 54-55.
- Guðmundur Davíðsson. „Landeign ríkisins.“ *Tíminn* 45 (1923): 166-167.
- Guðmundur Davíðsson. „Þingvellir við Öxará.“ *Eimreiðin* 19 (1913): 210-229.
- Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007. Gils Guðmundsson. „Rán eða ræktun: Guðmundur Davíðsson, frumkvöðull náttúruverndar á Íslandi.“ *Andvari* 120 (1995): 143-168.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Collective memory, history and national identity.“ Í Ástráður Eysteinnsson (ristj.). *The cultural reconstruction of places* (Reykjavík, 2006).
- Guðmundur Jónsson. *Hagvöxtur og iðnvæðing*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun, 1999.
- Heywood, Andrew. *Global Politics*. England: Palgrave Macmillan, 2011.
- Hobsbawm, Eric. *The Invention of Tradition*. 11. útg. Cambridge: Cambridge University, 1983.
- Hutchinson, John og Anthony D. Smith. *Nationalism*. New York: Oxford University Press, 1994.
- Hutchinson, John. *The Dynamics of Cultural Nationalism*. London: Allen & Unwin, 1987.
- Höfundar ekki getið. „Hundrað og tíu ár síðan endurreist alþingi var fyrst háð í heyranda hljóði,“ *Tíminn* 144 (1959): 1-7.

- Jónas frá Hriflu. „Um Þingvelli.“ *Skinfaxi* 23 (1932): 97-105. Smith, Anthony D. *National Identity*. London: Penguin Books, 1991.
- Leon P. Baradat. *Political Ideologies: Their Origins and Impact*. 11. útg. Boston: Pearson Longman, 2003.
- Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005
<http://www.althingi.is/altext/131/s/1426.html>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. „Heimsminjaskráin.“
http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=5&Itemid=24
 (sótt 11.5.2014)
- Mather, A. S. *Land use*. UK: Longman group, 1986.
- Matthías Þórsson. „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja.“ *Skírnir: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 81 (1905): 180-183.
- Ólafur Páll Jónsson. *Náttúra, vald og vermæti*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.
- Sigurður Líndal. *Réttarsögubættir* 2. útg. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.
- Sigrún Helgadóttir. *Þingvellir: Þjóðgarður og heimsminjar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna, 2011.
- Smith, Anthony D. *Nationalism and Modernism*. London: Routledge, 1998.
- Smith, Anthony D. *National Identity*. London: Penguin Books, 1991.
- Páll Valsson. *Jónas Hallgrímsson: ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning, 2007.
- Jónas Hallgrímsson. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar: ljóð og lausamál*. Reykjavík: Svart á hvítu, 1989.
- Tony Bennet. *The Birth of the Museum*. New York: Routledge, 1995.
- Umhverfissráðuneyti, Friðlýsing og önnur vernd. Í *Hvítabók náttúruvernd* (Reykjavík: Umhverfissráðuneyti, 2011).
http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd_14.pdf (sótt 2.5.2014)
- UNESCO. *List of World Heritage in Danger*. <http://whc.unesco.org/en/danger/> (sótt 5.5.2014).
- UNESCO. *World Heritage Committee: Decisions Adopted at the 28th Session* (2004): 39-40.
<http://whc.unesco.org/archive/2004/whc04-28com-26e.pdf> (sótt 5. apríl 2014).
- U.S. Bureau of the Census. *Historical statistics of the United States: Colonial times to 18970, Part II*. Washington, D.C, 1975.
- U.S. Department of the Interior. *A Brief History of the National Park Service*. Washington, D.C, 1940.
http://www.cr.nps.gov/history/online_books/kieley/index.htm. Síðast uppfært 16. júní 2003. Sótt 3. Apríl 2014).
- Vigdís Finnbogadóttir. *Ávarp Vigdísar Finnbogadóttur í tilefni af 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Þingvöllum*, 2005 (sótt 1.5.2014 <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=vigdis-finnbogadottir>).
- Worster, Donald. *A Passion for Nature: The Life of John Muir*. New York: Oxford University Press, 2008.